# FRÉTTABLAÐIÐ

98. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 27. APRÍL 2018




**Sigurgleði** Fram varð Íslandsmeistari í handbolta kvenna annað árið í röð og í 22. sinn alls eftir 26-22 sigur á Val í gær. Fram er bæði Íslands- og bikarmeistari. sjá síðu 20 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Niðurstaða um 3 milljarða tjón stendur

**Valitor fær ekki nýtt undirmat á tjóni DataCell og Sunshine Press Productions vegna ólögmætrar riftunar Valitors á greiðslugáttarsamningi fyrir Wikileaks, samkvæmt niðurstöðu héraðsdóms í gær. Fyrra mat á tjóni upp á 3,2 milljarða króna stendur því óhaggað.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær kröfu Valitors um nýtt undirmat á tjóni DataCell og Sunshine Press Productions, rekstrarfélags Wikileaks, vegna ólögmætrar riftunar Valitors á samningi um greiðslugátt fyrir söfnunarfé til Wikileaks.

Fyrir liggur í málinu niðurstaða matsmanna um 3,2 milljarða tjón stefnenda. Því mati vildi Valitor ekki una og fékk yfirmat sem þeir lögðu ekki fram í málinu en gerðu hins vegar kröfu um nýtt undirmat, sem nú hefur verið synjað enda liggi niðurstaða fyrir um þau atriði sem matsbeiðnin lýtur að, ýmist í undirmati eða yfirmatinu sem Valitor kaus að leggja ekki fram.

„Standi þessi niðurstaða óhögguð er ljóst að það er ekki annarri tölu til að dreifa um fjárhæð tjónsins,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður DataCell og Sunshine Press Productions.

Forsaga málsins er sú að í júní 2011 gerðu DataCell ehf. og Valitor með sér samning um greiðslugátt sem var hönnuð og sett upp af DataCell til að taka við kreditkortafærslum frá einstaklingum og fyrirtækjum til styrktar starfsemi Wikileaks í samræmi við samning Data Cell og rekstrarfélags Wikileaks.

Byrjað var að taka við framlögum í gegnum greiðslugáttina 7. júlí 2011 en degi síðar sleit Valitor samningnum fyrirvaralaust. Hæstiréttur sló því föstu með dómi vorið 2013 að riftun samningsins væri ólögmæt. Síðan dómurinn féll hafa málaferli staðið um skaðabótakröfur vegna hinnar ólögmætu riftunar og hefur deilan einkum snúist um þær forsendur sem leggja eigi til grundvallar við mat á fjártjóni og þar með fjárhæð skaðabóta.

Þinghald til undirbúnings aðalmeðferðar hefur verið boðað 17. maí næstkomandi. Ólafur Eiríksson, lögmaður Valitors, segir ekki liggja fyrir hvort niðurstaða héraðsdóms verði kærð til Landsréttar, en fari svo mun það væntanlega seinka aðalmeðferð í héraði eitthvað fram á haust. **– aá**

## Skálmöld í Bretlandi

**TÓNLIST** „Ég sagði já strax og ég var spurður,“ segir Einar Þór Jóhannesson sem hleypur í skarðið fyrir gítarleikara hljómsveitarinnar Skálmaldar á tónleikaferð í Bretlandi.

Þungarokkararnir munu spila á fimm tónleikum á næstu fimm dögum. Hljómsveitin flaug til Bristol í gær í breyttri mynd því tveir meðlimanna áttu ekki heimangengt. „Þetta verður stuð og mig hefur lengi langað til að spila þungarokk aftur enda hljómar það dásamlega í mínum eyrum, það var mín fyrsta ást – mín eina í svo langan tíma,“ segir Einar spenntur.



**– bbh / sjá síðu 38**



**Umdeild bygging.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Bærinn svari um meint vanhæfi

**REYKJANESBÆR** Skipulagsstofnun hefur sent bæjarstjórn Reykjanesbæjar bréf vegna deiliskipulagsbreytinga á lóð Sundhallarinnar í Keflavík. Hart er deilt um hvort rífa eigi Sundhöllina líkt og skipulag gerir ráð fyrir.

Mögulegt vanhæfi nefndarmannsins Unu Maríu Unnarsdóttur er rætt í bréfinu og óskað eftir viðbrögðum bæjarstjórnarinnar vegna þessa meinta vanhæfis. Sundhallarlóðin er í eigu föðurbróður hennar og sonar hans. **– ósk / sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um flösufágun og dólgshegðun. 17

**SPORT** Haukar og Valur þurfa að mætast í oddaleik í körfunni. 20

**MENNING** Í gjótu: steinþrykk 2015-2017 nefnist sýning Nínu Óskarsdóttur í Ekkisens galleríi. 28



**LÍFIÐ** Höddi Magg og erlendu stjörnurnar sem fóru líka yfir um á Twitter. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● GOLFEFNI**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Breytileg átt, 5-13 í dag, en lengst af hægari austan til. Skúrir eða slydduél, en yfirleitt þurrt norðaustan- og austanlands. Hiti 0 til 8 stig, mildast syðst. SJÁ SÍÐU 24

# Jómfrúarferð útblástursbanans



Fyrsti af fjórtán væntanlegum rafmagnsvögnum Strætó bs. var vígður við Ráðhús Reykjavíkur í gær. Gestir fengu að fara í jómfrúarferð með hinum nýju hljóðlausu og útblásturslausu strætisvögnum sem lofa góðu. Rafvagnarnir munu spara um 1.750 tonn af skaðlegum og mengandi útblæstri á ári. Vagnstjórinn sagði aðspurður fínt að keyra nýja vagninn og vonar Strætó að sá fyrsti fari strax í tilraunanotkun strax í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Kominn tími á að þetta hefðist

**ALÞINGI** Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og um félagsþjónustu sveitarfélaga voru samþykkt í gær. Nýju lögin gera notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) að helsta þjónustuformi við fatlað fólk. Hefur samþykkt frumvarpsins verið fagnað.

> Þetta færir fötluðu fólki mikil og aukin réttindi til sjálfstæðs lífs og til að geta ráðið hverjir aðstoða það.
>
> Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir mikla gleði og ánægju ríkja með samþykktina.

„Þetta er gleðidagur. Þetta var nærri tíu ára barátta þannig að það var kominn tími á að þetta hefðist,“ segir Þuríður. Hún segist að auki hamingjusöm með það hversu gott samráð hafi verið við gerð frumvarpsins.

„Þetta færir fötluðu fólki mikil og aukin réttindi til sjálfstæðs lífs og til að geta ráðið hverjir aðstoða það og vinna hjá því. Þannig að þetta breytir gríðarlega miklu. Þetta er til þess fallið að auka sjálfstæði og efla einstaklinginn,“ segir Þuríður.

Landssamtökin Þroskahjálp birtu yfirlýsingu í gær þar sem samþykkt frumvarpsins var fagnað. „Landssamtökin Þroskahjálp fagna þessari lagasetningu því að með henni eru margvísleg mannréttindi fatlaðs fólks mun betur tryggð en í núgildandi lögum,“ segir meðal annars í yfirlýsingunni.

Nefnir Þroskahjálp til dæmis réttindi fatlaðra barna, rétt til sjálfstæðs lífs, meðal annars með NPA, og réttinn til að ráða búsetu sinni. **– þea**

## Áætlun vegna ljósmæðradeilu

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn hefur virkjað sérstaka viðbragðsáætlun vegna ljósmæðra sem nú sinna ekki heimaþjónustu við konur og nýbura vegna kjaradeilu við ríkið.

Meðal annars verður konum á deildum Landspítalans forgangsraðað eftir bráðleika. Mæður eiga að hafa samband við sína heilsugæslustöð eftir útskrift af spítalanum. Við heilsufarsvanda hjá móður eftir útskrift á hún að leita til vaktþjónustu heilsugæslunnar. Nýburar eiga að koma þriggja daga gamlir á göngudeild Barnaspítala Hringsins. Sett verður upp móttaka með nýburalækni, ljósmóður, sjúkraliða og lífeindafræðingi. Nýburar verða skoðaðir, vigtaðir og metnir. „Ef talin er þörf á endurkomu nýburans kemur barnið einnig í skoðun fimm daga gamalt,“ segir í frétt Landspítalans. **– gar**




# Austurrískur fálkavinur vill lána 10 myndavélar

**Tilskilin leyfi hafa fengist frá yfirvöldum til þess að vakta fálkahreiður með myndavélum. Samráð verður haft við Náttúrufræðistofnun. Grunur leikur á að hópur manna spilli vísvitandi fálkavarpinu og selji söfnurum egg fálkanna.**

**NÁTTÚRA** Fálkasetur Íslands hefur fengið samþykki frá Umhverfisstofnun til þess að setja upp myndavélar við fálkahreiður og reyna þannig að bægja eggjaþjófum frá. Fálkasetrið, sem er frjáls félagsskapur, mun hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um verkefnið.

„Nú krossar maður bara fingur og vonar að þetta gangi allt saman vel. Sérstaklega að þessi umræða verði til þess að menn sem hafa haft þetta í huga haldi að sér höndum. Þannig að þetta hafi fælingaráhrif,“ segir Aðalsteinn Örn Snæþórsson, líffræðingur og formaður stjórnar Fálkasetursins. Það sé enginn áhugi á því að standa fólk að verki við að stela eggjum. „Við viljum bara að fólk láti af þessum ósið.“

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar verður að koma með tillögur um við hvaða hreiður skuli setja myndavélarnar. Fálkasetrið sér síðan um að afla myndavéla og aðstoða við uppsetningu þeirra og aðra framkvæmd. Nú þegar hefur ein myndavél verið keypt og búið er að koma henni fyrir. „Síðan höfum við verið í samstarfi við austurrískan fálkaáhugamann og -vin. Hann á tíu svona vélar sem hann hefur verið tilbúinn til að lána okkur. Það er ekki búið að koma þeim öllum upp en einhverjum þeirra,“ segir Aðalsteinn.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að vitað er um bónda í Aðaldal sem setti upp myndavél á landareign sinni, þar sem fálkaóðal er. Sumarið eftir að myndavélin var sett upp komust ungar á legg í fyrsta skipti í áratug. Parið kom aftur upp ungum ári seinna. Sú myndavél var ekki sett upp við hreiðrið sjálft heldur við gönguleið að hreiðrinu.



Sótt hefur verið að fálkanum undanfarin ár og eggjaþjófar hafa spillt varpi hans. Í vor verður varpið vaktað með myndavélum. MYND/ÓLAFUR K. NIELSEN

> Nú krossar maður bara fingur og vonar að þetta gangi allt saman vel. Sérstaklega að þessi umræða verði til þess að menn sem hafa haft þetta í huga haldi að sér höndum.
>
> Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Aðalsteinn segir að varp sé byrjað hjá fálkanum en ekkert sé hægt að segja til um það á þessu stigi hversu vel það muni heppnast. „Það er ekki búið að heimsækja öll hreiður eða skoða. En undirbúningur að varpi fálka hefst snemma. Kvenfuglinn hættir að veiða í mars og sest við hreiðurklettinn og karlfuglinn ber í hana æti. Fuglinn verpir síðan ekki fyrr en undir miðjan apríl.“

Vitað er að undanfarin ár hafa egg verið tekin úr hreiðrum fálka. Grunur leikur á að blásið sé úr þeim og þau seld söfnurum. Hávær orðrómur er á Húsavík um það hverjir eru að verki, en það hefur ekki verið sannað.

Í ágúst í fyrra var karlmaður handtekinn í Norrænu með egg úr sjaldgæfum fuglum. Þar á meðal voru smyrilsegg, en ekki fálkaegg. Mál mannsins var til rannsóknar hjá Tollstjóra, en hefur nú verið sent lögreglu. **jonhakon@frettabladid.is**




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Kaþólikkar mótmæltu við sendiráð Breta á Laufásvegi vegna Alfies

**HEILBRIGÐISMÁL** Hópur kaþólskra Pólverja á Íslandi efndi til mótmæla í gær við sendiráð Breta á Íslandi vegna framgöngu breskra stjórnvalda í máli drengsins Alfies Evans.

Einn úr hópnum sagði við Fréttablaðið að fyrst og fremst væri um að ræða stuðningsyfirlýsingu við foreldra Alfies sem bresk stjórnvöld hafi meinað að ferðast með drenginn á sjúkrahús í Vatíkaninu að leita lækninga. Að minnsta kosti eigi að leyfa þeim að taka drenginn heim.

Hinn 23 mánaða gamli Alfie Evans hefur verið í dái í rúmt ár eftir að hafa veikst af óþekktum taugahrörnunarsjúkdómi. Læknar hafa sagt að barnið eigi enga von um bata og sett sig upp á móti foreldrum barnsins um læknismeðferð á Ítalíu. Þeirri bón hafnaði áfrýjunardómstóll í Bretlandi í vikunni.

Slökkt var á öndunarvél Alfies í vikunni að kröfu lækna en gegn vilja foreldranna en hann hélt óvænt áfram að anda af sjálfsdáðum.

Tom Evans, faðir Alfies, bað mótmælendur ytra í gær um að snúa heim. Sagði hann að fjölskyldan vildi nú fá að vera í friði.

„Alfie þarf ekki að vera á gjörgæslu lengur. Nú liggur hann í rúminu og fær lítra af súrefni í lungun og sér um restina sjálfur. Sumir kalla þetta kraftaverk. Ef ekki, þá er þetta einfaldlega röng greining.“ **– þea, gar**




**Mótmælendur skildu eftir skilaboð við breska sendiráðið á Laufásvegi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Guðmundur Ragnarsson, fráfarandi formaður VM.**

## Formannsskipti eftir kjör í VM

**ATVINNUMÁL** Guðmundur Helgi Þórarinsson hafði betur gegn nafna sínum, Guðmundi Ragnarssyni, í kjöri til formanns VM, félags vélstjóra og málmtæknimanna. Niðurstaðan var kynnt í fyrradag. Guðmundur Helgi Þórarinsson hlaut 411 atkvæði, eða 51,50 prósent, og Guðmundur Ragnarsson fékk 366 atkvæði, eða 45,86 prósent. Auðir seðlar voru 21.

Guðmundur Helgi hefur verið í aðalstjórn VM frá stofnun félagsins og var áður í stjórn Vélstjórafélags Íslands. Guðmundur Ragnarsson hefur verið formaður VM frá 2008. **– jhh**

## Hafna stöðvun á Þingvallavegi

**FRAMKVÆMDIR** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnar kröfu Landverndar um stöðvun framkvæmda við Þingvallaveg enda hafi framkvæmdaleyfi ekki verið gefið út.

Landvernd kærði ákvörðun Skipulagsstofnunar um að endurbætur á Þingvallavegi á milli þjónustumiðstöðvar og vegamóta við Vallarveg þyrftu ekki í mat á umhverfisáhrifum. Þess var krafist að framkvæmdir færi í slíkt mat og að framkvæmdir við endurbætur vegarins yrðu stöðvaðar á meðan fjallað væri um málið.

„Verður ekki séð að knýjandi nauðsyn sé á að fallast á kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda, enda veitir hin kærða ákvörðun ekki heimild til þess að þær hefjist,“ segir úrskurðarnefndin hins vegar. **– gar**

# Reykjanesbær þarf að svara um meint vanhæfi bæjarfulltrúans

**Skipulagsstofnun gerir kröfu um skýr svör frá Reykjanesbæ vegna meints vanhæfis Unu Maríu Unnarsdóttur í atkvæðagreiðslu nýs deiliskipulags sem gerir ráð fyrir að Sundhöllin í Keflavík verði rifin. Frændur Unu Maríu eiga hagsmuna að gæta, enda eigendur lóðanna. Miklar deilur vegna framtíðar Sundhallarinnar.**

**REYKJANESBÆR** Skipulagsstofnun hefur sent bæjarstjórn Reykjanesbæjar bréf þar sem athugasemdir eru gerðar við deiliskipulagsbreytingar fyrir Framnesveg 9 og 11. Á Framnesvegi 9 stendur Sundhöllin í Keflavík. Bréfið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs í gær.

Miklar deilur hafa staðið um hvort rífa eigi Sundhöllina líkt og nýsamþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir, en húsið var teiknað af Guðjóni Samúelssyni.

Mögulegt vanhæfi nefndarmanns, Unu Maríu Unnarsdóttur, sem réð úrslitum um samþykkt hins nýja deiliskipulags og Fréttablaðið greindi frá 22. mars síðastliðinn, er gert að umræðuefni í bréfinu. Óskað er eftir viðbrögðum sveitarstjórnarinnar vegna meints vanhæfis eigi síðar en 9. maí næstkomandi, áður en stofnunin tekur afstöðu til vanhæfisins og hvort nýtt deiliskipulag standist lög.

Forsaga málsins er sú að bæjarstjórn Reykjanesbæjar staðfesti þann 20. mars ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs sveitarfélagsins um nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir því að Sundhöllin verði rifin. Tveir fulltrúar í ráðinu greiddu atkvæði gegn deiliskipulaginu, en þrír voru fylgjandi, þar á meðal Una María.

Sundhöllin og lóðirnar við Framnesveg 9 og 11 eru í eigu föðurbróður Unu Maríu, Halldórs Ragnarssonar, og sonar hans, Heiðars Halldórssonar, og ljóst að frændur hennar áttu hagsmuna að gæta í málinu.

Una María svaraði þessari gagnrýni í fyrri frétt blaðsins um málið og sagðist hafa setið hjá í öllum málum er vörðuðu frændur hennar fram til umræddrar atkvæðagreiðslu, sem réð úrslitum um samþykkt hins nýja deiliskipulags og þar af leiðandi framtíðar Sundhallarinnar. Hins vegar hafi hún síðar aflað sér lögfræðiálits um meint vanhæfi og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri um vanhæfi að ræða. Þannig vísaði hún til 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að sveitarstjórnarmaður sé vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar við ákvörðunartöku.

„Það á bara við um foreldra, börn eða systkin og þar af leiðandi telst ég ekki vanhæf í þessu máli,“ sagði Una María.

Skipulagsstofnun vísar hins vegar í 2. mgr. sömu greinar um að sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags beri að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Í bréfinu segir að á þetta ákvæði reyni í málinu, en ekki það sem Una María ber fyrir sig. **olof@frettabladid.is**



**Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrrverandi ráðherra, var ein af sprautunum í því að setja á stofn samtök um varðveislu Sundhallarinnar. Samtökin mótmæltu fyrirhuguðu niðurrifi fyrir utan höllina í febrúar á þessu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




# Fögnuðu nauðgunardómi yfir Cosby

**BANDARÍKIN** Leikarinn Bill Cosby var í gær sakfelldur fyrir að hafa byrlað fyrrverandi körfuboltakonunni Andreu Constand ólyfjan og nauðgað henni á heimili sínu fyrir fjórtán árum. Kviðdómur í Philadelphia-borg komst að þessari niðurstöðu í gær en annar kviðdómur gat ekki komist að niðurstöðu í sama máli fyrir tæpu ári.

Cosby var sakfelldur í þremur ákæruliðum, að því er New York Times greinir frá. Allt að tíu ára fangelsi eru viðurlögin við hverju broti en mögulega afplánar hann hvern þeirra þriggja dóma samtímis. Dómari hefur þó ekki komist að niðurstöðu um refsingu Cosbys.

Samkvæmt New York Times sökk Cosby niður í stól sinn þegar dómur var kveðinn upp og starði niður í borðið. Í dómsal voru saman komnar nokkrar þeirra kvenna sem hafa sakað Cosby um sambærilega glæpi. Fögnuðu þær stuttlega þegar dómur var kveðinn upp.



**Cosby þegar hann gekk út úr dómsal í gær eftir uppkvaðningu dómsins.** NORDICPHOTOS/AFP

Um sextíu konur hafa sakað Cosby opinberlega um að brjóta á sér. Flestar eru þær mun yngri en Cosby og eru flest málin fyrnd. Mál Constand er það eina sem hefur ratað fyrir dóm. **– þea**


SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI SWIFT
BÍLL ÁRSINS
Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA
KOMDU OG PRUFAÐU SWIFT
HANN FÆR ÞIG TIL AÐ BROSA
SWIFT
2018 RJC Automotive Researchers' & Journalists' Conference of Japan
CAR OF THE YEAR
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2018 BÍLABLAÐAMANNA
VERÐ FRÁ KR.
2.160.000
KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐANN SUZUKI SWIFT.
SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.
FLUTT MEÐ EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Segir uppgjörið í borginni bara fallegt í fjarska

**REYKJAVÍK** Ársuppgjör Reykjavíkurborgar er fallegt í fjarska en þegar betur er að gáð er ástæða til að hafa áhyggjur, segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni.

Reykjavíkurborg birti í gær ársreikning síðasta árs þar sem niðurstaðan virðist afar jákvæð. Borgin skilar tæplega fimm milljarða afgangi, tvöfalt meiri en gert hafði verið ráð fyrir og A-hlutinn, sem heldur utan um eiginlegan rekstur borgarinnar, skilaði fimm milljarða afgangi. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði við þetta tilefni að uppgjörið sýni að rekstur borgarinnar gangi mjög vel.

„Við erum að skila afgangi af samstæðu og borgarsjóði sem á sér varla fordæmi.“



**Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni.**



**Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.**

Eyþór Arnalds segir þó vekja athygli að skuldir og skuldbindingar skuli vaxa um 15 milljarða á síðasta ári í borgarsjóði.

„Af því að við erum að horfa á mesta tekjugóðæri borgarinnar þá vekur þetta fyrst athygli. Síðan er hitt að uppgefinn hagnaður er tæpir 5 milljarðar en söluhagnaður eigna er 8 milljarðar, ef ekki hefði komið til sölu á þessum eignum – sem er einskiptishagnaður – þá hefði afkoman verið tap.“

Eyþór bendir á að Félagsbústaðir og OR séu að endurmeta eignir sínar og reikna sér marga milljarða í hagnað af endurmatinu.

„Við veltum fyrir okkur hvort það sé líka einskiptishagnaður. Þegar þetta er samandregið þá er ljóst að afkoman er ekki eins góð, þegar það er minna inni á bankabókinni en fyrir ári síðan og skuldir búnar að vaxa þetta mikið í borgarsjóði. Reikningurinn er í fjarska fagur. En það er sama hvaða heimilisbókhald það væri, ef skuldir vaxa svona mikið og þú selur eignirnar þá ertu náttúrulega ekki í góðum málum.“ **– smj**

# Enn er mótmælt



**Nikol Pasjinjan, leiðtogi armensku stjórnarandstöðunnar, tók virkan þátt í mótmælum í höfuðborginni Jerevan í gær. Sést hann hér munda gjallarhorn. Mótmæli hafa staðið yfir undanfarið og leiddu til þess að Sersj Sargsjan steig til hliðar sem forsætisráðherra. Búist er við því að armenska þingið fundi fyrsta maí til að ræða um eftirmann Sargsjans. Líklegt þykir að Pasjinjan taki við þótt flokkur hans sé í minnihluta.** NORDICPHOTOS/AFP

# Gylfi formaður í Seðlabankanum

**SEÐLABANKINN** Gylfi Magnússon, hagfræðingur og dósent við Háskóla Íslands, var í gær kjörinn formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands. Þórunn Guðmundsdóttir er varaformaður. Aðrir í ráðinu eru Sigurður Kári Kristjánsson, Frosti Sigurjónsson, Bolli Héðinsson, Una María Óskarsdóttir og Jacqueline Clare Mallett. Varafulltrúar eru Þórlindur Kjartansson, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, Hildur Traustadóttir, Vilborg Hansen, Kristín Thoroddsen, Ólafur Margeirsson og Bára Valdís Ármannsdóttir. **– smj**



**Gylfi Magnússon.**

# Treyjusalar græddu vel á EM-ævintýri Íslands

## Tekjur jukust um hundruð milljóna og hagnaður margfaldaðist hjá söluaðilum íslenska landsliðsbúningsins árið 2016. Urðu af tekjum vegna kaupa á eftirlíkingum sem aftur eru farnar að streyma til landsins í aðdraganda HM í sumar.

**VIÐSKIPTI** Þrátt fyrir áhyggjur af kaupum Íslendinga á ódýrum eftirlíkingum, skilaði árangur íslenska landsliðsins á EM í knattspyrnu sumarið 2016 í mikilli tekju- og hagnaðaraukningu hjá umboðsaðila Errea á Íslandi.

Sölutekjur hækkuðu um 82 prósent milli milli 2015 og 2016 á meðan hagnaðurinn nær fjórfaldaðist. Svipuð afkoma birtist í ársreikningi eins helsta söluaðila íslenska landsliðstreyjunnar EM-árið mikla.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Errea á Íslandi og KSÍ hafa áhyggjur af mikilli sölu á ódýrum eftirlíkingum af landsliðsbúningnum á netverslunum á borð við Ali Express í aðdraganda HM í sumar.

Kínversku eftirlíkingarnar eru rúmlega sexfalt ódýrari en frumgerðin sem seld er hér á landi og sagði Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, í blaðinu í gær að verið væri að skoða aðgerðir til að koma böndum á eftirlíkingaflóðið. Sömu áhyggjur voru uppi í aðdraganda EM 2016 þegar leitað var leiða til að fá tollinn til að stöðva innflutninginn.

Sport Company ehf. er umboðsaðili Errea á Íslandi en fyrirtækið sem og KSÍ verða af tekjum þegar eftirlíkingar verða fyrir valinu hjá kaupendum. Um töluverða fjármuni getur verið að tefla enda má sjá EM-áhrifin bersýnilega á uppgjöri Sport Company ehf. árið 2016.

Tekjur af sölu námu ríflega 317 milljónum króna árið 2016 samanborið við 174 milljónir árið 2015. Tekjur hækkuðu því um 82 prósent milli ára sem væntanlega má



**Geir Þorsteinsson, þáverandi formaður KSÍ, ásamt Þorvaldi Ólafssyni, eiganda Errea á Íslandi með EM treyjuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**82%**

**var hækkun á tekjum Errea á Íslandi milli áranna 2015 og 2016.**

að mestu rekja til eftirspurnar og sölu á íslensku landsliðstreyjunni. Hagnaður félagsins fór sömuleiðis úr 5,8 milljónum árið 2015 í rúmar 27 milljónir EM-árið 2016. Hækkun um 366 prósent.

Gagnrýnt hefur verið að treyjan sé of dýr og því margir sem láti freistast af mun ódýrari eftirlíkingum á kínversku netverslunninni. Þegar mesta EM-æðið reið yfir landið voru treyjurnar þó oft illfáanlegar og ljóst að salan var mikil.

Eitt þeirra fyrirtækja sem selja treyjurnar er fótboltavöruverslunin Jói Útherji. EM-æðið 2016 skilaði sér líka í bættri afkomu fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi. Tekjur fóru í tæpar 220 milljónir samanborið við 166 milljónir árið áður og hagnaður úr 6,9 milljónum í 21,5 milljónir.

**mikael@frettabladid.is**






NISSAN
Innovation that excites

# NISSAN SPORTJEPPAR

## TILBÚNIR Í FERÐALAG MEÐ ÞÉR




ENNEMM / SÍA / NM87048

### NISSAN QASHQAI

Verð frá: **3.550.000 kr.**

**Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

### NISSAN X-TRAIL

Verð frá: **4.790.000 kr.**

**Staðalbúnaður í X-Trail m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Hljómkerfi með 6 hátölurum
- 17" álfelgur
- 7" snertiskjár
- Regnskynjari
- Þokuljós að framan
- Skyggðar rúður að aftan
- D-laga leðurstýri með aðgerðarhnöppum
- Tveggja svæða tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Neyðarhemlun
- Akreinavari
- Skynjar umferðaskilti og birtir á upplýsingaskjá
- Armpúði á milli sæta

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Segir almenning kalla eftir hærri sektum

**Lögreglan mun hafa aukið eftirlit með notkun ökumanna á farsímum í maí. Á sama tíma áttfaldast sektarupphæð vegna notkunar á farsímum án handfrjáls búnaðar. Upplýsingafulltrúi Samgöngustofu segir viðhorfskannanir hafa sýnt að almenningur vildi hækkanir.**

**SAMGÖNGUR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun fylgjast sérstaklega með því í maí hvort ökumenn noti farsíma undir stýri án handfrjáls búnaðar. Þeir sem verða staðnir að verki mega búast við 40 þúsund króna sekt. Núna er sektin fimm þúsund krónur en þegar reglugerð um sektir og önnur viðurlög fyrir umferðarlagabrot tekur breytingum 1. maí áttfaldast sektarupphæðin.

„Í viðhorfskönnunum okkar hefur komið fram mjög skýr vilji hjá fólki til þess að hækka sektina og flestir hafa nefnt 55 þúsund krónur sem ákjósanlega upphæð. Þarna er þetta komið í áttina að þeirri upphæð,“ segir Þórhildur Elín Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu

Þá mun lögreglan jafnframt skoða fyrstu vikuna í maí hvort rétt sé að byrja að sekta fyrir notkun nagladekkja.

Notkun nagla er bönnuð frá og með 15. apríl. Hins vegar er ekki bara horft til þeirrar dagsetningar heldur líka akstursskilyrða.

„Fyrstu vikuna í maí munum við skoða langtímaveðurspána. Við lítum á suðvesturhlutann sem eitt atvinnusvæði. Ef veðurspáin er góð fyrir þetta svæði munum við tilkynna öllum fjölmiðlum að við séum að fara að kæra þetta,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri í umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

## Hér má sjá nokkur dæmi um hækkun sekta fyrir umferðarlagabrot frá 1. maí 2018

Fyrir 1. maí 2018 / Frá 1. maí 2018

| Brot | Fyrir 1. maí 2018 | Frá 1. maí 2018 |
|---|---|---|
| Ekið yfir löglegum hámarkshraða – Hámarkshraði er 30 en ekið er á 67 | 40.000 | 90.000 |
| Ekið yfir löglegum hámarkshraða – Hámarkshraði er 50 en ekið er á 88 | 40.000 | 65.000 |
| Ekið yfir löglegum hámarkshraða – Hámarkshraði er 90 en ekið er á 160 | 150.000 | 240.000 |
| Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur | 5.000 | 40.000 |
| Ekið gegn rauðu umferðarljósi | 15.000 | 30.000 |
| Brot á sérreglum fyrir reiðhjól | 5.000 | 20.000 |
| Brot á sérreglum fyrir bifhjól | 5.000 | 20.000 |
| Öryggisbelti ekki notað | 10.000 | 20.000 |
| Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu | 5.000 | 20.000 |
| Biðskylda ekki virt | 15.000 | 30.000 |
| Ölvun við akstur – Hæstu sektir, vínandamagn í blóði 2,01 eða meira | 240.000 | 320.000 |
| Neysla áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur | 20.000 | 60.000 |
| NÝTT: Hjólað gegn rauðu umferðarljósi | | 20.000 |
| Nagladekk án heimildar – fyrir hvern hjólbarða | 5.000 | 20.000 |
| Akstur bifreiða til farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess | 15.000 | 60.000 |













ÚTSÆÐIÐ
ER KOMIÐ!

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Ástand heimsins







**1.** Filippseyskur verkamaður brýtur niður vegg á hóteli á eyjunni Boracay. Eyjan er einn vinsælasti ferðamannastaður Flippseyja en henni hefur nú verið lokað til að hægt sé að ráðast í viðgerðir og hreingerningar. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Hundruð háskólanema í Barcelona kröfðust í gær jafnra réttinda hinsegin fólks, mótmæltu brotum á mannréttindum þess og kröfðust sömuleiðis lækkunar skólagjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**3.** Uppreisnarmenn í Austur-Úkraínu, hliðhollir Rússum, æfðu sig í gær fyrir rússneska sigurdaginn. Munu þeir marsera saman þann 9. maí næstkomandi til að minnast sigurs Sovétmanna á nasistum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Palestínumenn syrgðu í gær blaðamanninn Ahmed Abu Hussein. Útför hans fór fram í Jabalia á norðurhluta Gasasvæðisins en hann lést af áverkum sem ísraelskir hermenn veittu honum er hann fjallaði um mótmæli Palestínumanna. NORDICPHOTOS/AFP

**5.** Rúmlega hundrað misgömul hundavélmenni, eða öllu heldur vélhundar, voru saman komin í Kofukuji-musterinu í Japan í gær. Ekki var um tækniráðstefnu að ræða heldur jarðarför. Hundarnir, kallaðir AIBO og framleiddir af Sony, eru afar vinsælir í Japan og fá þeir því almennilega jarðarför líkt og um lifandi gæludýr væri að ræða. NORDICPHOTOS/AFP












## e-Golf á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

**Volkswagen e-Golf** dregur allt að 300 km* og er fyrsti rafmagnsbíllinn með hreyfistýrðu upplýsinga- og afþreyingarkerfi. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann þinn sem fjarstýringu fyrir þinn e-Golf. Komdu í reynsluakstur og finndu kraftinn í þessum magnaða bíl sem gengur 100% fyrir rafmagni.

### e-Golf
**Leiðsögukerfi, rafhituð framrúða og varmadæla.**

Vistvænt tilboðsverð
**3.950.000 kr.**

### e-Golf Comfort
**Blindhornaviðvörun og lyklalaust aðgengi.**

Vistvænt tilboðsverð
**4.150.000 kr.**

### e-Golf Premium
**Leðursæti, Dynaudio, Wifi og bílastæðaaðstoð.**

Vistvænt tilboðsverð
**4.490.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

*Skv. NEDC staðlinum.

**Við látum framtíðina rætast.**

Stuttur afgreiðslutími!

Volkswagen

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

## Frítt föruneyti Kim Jong-un


Kim Yo-jong ásamt Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Traustustu ráðgjafar og undirmenn Kim Jong-un verða honum til halds og trausts í viðræðunum við forseta Suður-Kóreu. BBC tók saman lista yfir sendinefndina.

Kim Yo-jong, systir einræðisherrans, lætur sig ekki vanta. Hún vakti mikla athygli þegar hún fór á Vetrarólympíuleikana fyrr á árinu. Samkvæmt greinendum er hún einn nánasti ráðgjafi bróður síns.

Kim Yong-nam er aldursforseti sendinefndarinnar. Hann er níræður og hefur þjónað öllum þremur einræðisherrum Norður-Kóreu. Athyglisvert þykir að hann hafi staðið af sér allar hreinsanir einræðisherranna þriggja. Þykir það til marks um takmarkalausa leiðtogahollustu hans.

Choe Hwi, ráðherra íþrótta- og menningarmála, er einnig í sendinefndinni. Hann átti þátt í því að ná samkomulagi um að senda keppnislið á Vetrarólympíuleikana.

Kim Yong-chol er talinn helsti samningamaður sendinefndarinnar. Hann er sagður kaldhæðinn og erfiður í samstarfi. Var jafnframt yfir leyniþjónustu Norður-Kóreu á árum áður.

Ri Su-yong er sagður föðurímynd Kim-systkina. Á hann til að mynda að hafa verið forráðamaður þeirra þegar þau gengu í skóla í Sviss.

Ri Myong-su er starfsmannastjóri norðurkóreska hersins. Talið er að þeir tveir sem gegndu starfinu á undan honum hafi verið drepnir í hreinsunum. Ri er á níræðisaldri og var einkakennari Kim Jong-un áður en hann komst til valda.

Þá eru ótaldir Pak Yong-sik varnarmálaráðherra, Ri Yong-ho utanríkisráðherra og Ri Song-gwon, formaður nefndar um sameiningu Kóreuskaga.





Suður-Kóreumenn í gervi leiðtoganna tveggja. Mikil spenna er fyrir fundinum í Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

# Sögulegur fundur Kim og Moon í Panmunjom

**Kim Jong-un og Moon Jae-in, leiðtogar Norður- og Suður-Kóreu, funda í landamærabænum Panmunjom. Allt kapp lagt á að fundurinn heppnist sem best. Fjölmargir áhugaverðir réttir á matseðlinum, til þess fallnir að gleðja leiðtogana.**

**KÓREA** Norðurkóreskur leiðtogi kemur til Suður-Kóreu í fyrsta skipti í sögunni í dag. Mun einræðisherrann Kim Jong-un funda með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í Friðarhúsi landamærabæjarins Panmunjom. Um er að ræða fyrsta leiðtogafundinn á Kóreuskaga í rúman áratug og hefur allt kapp verið lagt á að fundurinn heppnist vel.

Undirbúningur fyrir fundinn kláraðist í gær, að því er Yonhap greinir frá. Var farið yfir hvert skref sem leiðtogarnir eiga að stíga, hvar hver á að standa þegar þeir mætast og þar fram eftir götunum.

Umræðuefni fundarins eru að mestu þekkt stærð. Vitað er að leiðtogarnir munu ræða afkjarnorkuvæðingu Kóreuskagans, kjarnorkuvopnaáætlun Norður-Kóreu og hvernig hægt sé að bæta samskipti ríkjanna. Suðurkóreski miðillinn Chosun Ilbo greindi svo frá því í gær að rætt verði um afvopnun landamæravarða.

Þar sem Kórea er níu klukkustundum á undan Íslandi verður fundurinn hafinn þegar Fréttablaðið kemur í hús. Um 9.30 að staðartíma, hálfeitt að íslenskum tíma, á Kim að koma fótgangandi yfir landamærin. Suðurkóreskir hermenn munu standa heiðursvörð fyrir Kim, og norðurkóreskir fyrir Moon. Stuttu síðar á fundurinn að hefjast.

Hægt verður að fylgjast með leiðtogafundinum enda verður honum sjónvarpað beint að hluta til. Samkvæmt heimildum í Bláa húsinu, forsetabústað Suður-Kóreu, féllust ríkin tvö á það að sýna frá mikilvægum áföngum viðræðnanna.

Ljóst er að hvorki Kim né Moon munu þurfa að svelta á meðan á fundinum stendur. Matseðillinn er glæsilegur og sérsniðinn að viðræðunum.

Þar sem Kim gekk í heimavistarskóla í Sviss forðum daga verða Röstikartöflur til að mynda á matseðlinum. Norðurkóreska ríkið hefur reyndar aldrei staðfest þá sögu og því er tekin áhætta með kartöflunum, að mati Sam Chokol, viðmælanda BBC um matseðilinn.

Öllu öruggari valkostur er ofnbakaði pétursfiskurinn sem leiðtogunum býðst. Fiskurinn er óopinber réttur hafnarborgarinnar Busan, heimaborgar Moon forseta.

Að auki verður boðið upp á þjóðarrétt Norður-Kóreu, raengmyon eða einfaldlega kaldar núðlur. Moon bað sérstaklega um þennan núðlurétt, sem Okryugwan-veitingahúsið í Pjongjang er frægt fyrir. Kokkur af veitingahúsinu verður sendur í eldhús Friðarhússins þar sem hann mun matreiða þennan áhugaverða rétt fyrir leiðtogana.

Leiðtogarnir fá að skola þessum lúxus, sem og öðrum réttum, niður með Munbae-ju víni áður en þeir snæða búðing í eftirrétt. Búðingurinn vakti reyndar reiði Japansstjórnar í gær en á honum verður kort af Kóreuskaga auk Dokdo-eyja, sem Japanir gera tilkall til. thorgnyr@frettabladid.is


Ofnbakaður pétursfiskur frá Busan er eftirlæti Moon. NORDICPHOTOS/AFP


Raengmyon, kaldar núðlur frá Norður-Kóreu. MYND/WIKIMEDIA COMMONS


Rösti-kartöflur verða á boðstólunum vegna námsferils Kim. NORDICPHOTOS/AFP

#mínbarátta

# Þínar kröfur – okkar barátta

## 1. MAÍ ER BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS

**Árleg áminning um mátt samstöðunnar og nauðsyn áframhaldandi baráttu fyrir réttlæti og mannsæmandi lífskjörum fyrir alla.**

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ Á KLAMBRATÚNI

**Kl. 11.00 - Upphitun fyrir kröfugöngu**

- Jónsi og Eva Ruza hefja skemmtun og stjórna upphitun fyrir fjölskylduhlaupið
- Fjölskylduhlaup VR – allir fá verðlaunapeningi
- Kröfuskiltagerð
- Ísbíll frá Kjörís og Grillvagninn grillar pylsur og bulsur
- Sirkus Íslands
- Friðrik Dór
- Páll Óskar
- Marserað að Hlemmi með Jónsa, Evu og Lúðrasveit verkalýðsins

**Kl. 13.30**

- Kröfuganga leggur af stað frá Hlemmi

**Kl. 14.00**

- Baráttufundur á Ingólfstorgi

**Verkalýðskaffi í anddyrum Laugardalshallar að baráttufundi loknum.**

**Til hamingju með daginn!**




VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

BAK
ARÍ
IÐ

Tilboð gilda út 29. apríl








**Steinbakað brauð**

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

**Ítalía pestó**

Toppaðu brauðið með einstöku pestói frá Ítalíu




NÝJUNG

**Krispy Kreme kaffi**

Hin fullkomna kaffiblanda. 100% Arabica. Baunir og malað. Framleitt af Te & Kaffi

**998** kr/pk



**Bakaríið vínarbrauðslengjur**

Góðar með kaffinu

**579** kr/stk

Verð áður 799




NÝJUNG

**Wasa hrökkkex**

Gómsætt og trefjaríkt

verð frá **189** kr/pk




**JT´s Ice Cream 475 ml**

Gómsætar bragðtegundir frá USA

**199** kr/pk

Verð áður 499




**Source Ginger Beer**

Þegar gera á góðan Moscow Mule

**199** kr/stk




**Dr. Martins kókosmjólk**

Hátt hlutfall kókoshneta

**329** kr/stk

# Meira svona alla daga






15% afsláttur

**Geetas kit**

Indverskur réttur á stuttum tíma

Holta

**Kjúklingalundir**

**2.039** kr/kg

verð áður 2.399 kr/kg



20% afsláttur

**Fjörulambalæri**

**1.999** kr/kg

Verð áður 5.999 kr/kg



ÍSLANDS LAMB

30% afsláttur

**Lambagrillsneiðar**

**1.469** kr/kg

Verð áður 2.099 kr/kg



ÍSLANDS NAUT

20% afsláttur

**Ungnautahakk 4% fita**

**1.991** kr/kg

Verð áður 2.489 kr/kg

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Pólitísk höft



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Kaup Guðmundar í Brimi á 34 prósenta hlut í HB Granda, eina sjávarútvegsfyrirtæki landsins sem er skráð í Kauphöllina, fyrir 22 milljarða sæta tíðindum. Þótt þau séu ein stærstu verðbréfaviðskipti eftirhrunsáranna þá gæti kaupverðið orðið allt að 65 milljarðar ef aðrir hluthafar samþykkja yfirtökutilboð sem Brimi ber skylda til að leggja fram. Sú niðurstaða er hins vegar ólíkleg. Ljóst þykir að lífeyrissjóðirnir, sem eiga samanlagt um 44 prósent í HB Granda, eru síður áhugasamir um að félagið hverfi af markaði enda er eignarhald þeirra á HB Granda í raun eina leiðin fyrir sjóðina til að hafa aðkomu að einni mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar. Sú staðreynd skiptir máli með hliðsjón af þeim takmörkuðu fjárfestingatækifærum sem þeim standa til boða innanlands.

Eftir að hafa búið við eindæma góð rekstrarskilyrði eftir fall fjármálakerfisins, þar sem mikill hagnaður gaf sjávarútvegsfyrirtækjum færi á að greiða hratt niður skuldir og styrkja eiginfjárstöðu sína, hefur staðan snúist við síðustu árin. Afkoman farið versnandi og samkeppnishæfnin þverrandi. Kaup Brims á ráðandi hlut í HB Granda gæti styrkt stöðu fyrirtækjanna í þessu krefjandi rekstrarumhverfi, ekki hvað síst í sameiginlegu sölustarfi á erlendum mörkuðum, sem gæti þannig skilað sér í hærra verði fyrir afurðir sjávarútvegsfélaganna. Þá binda sumir vonir við að fjárfesting Brims gæti verið upptakturinn að því að félagið fari einnig á markað í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er af sem áður var þegar nánast öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins voru skráð á markað um síðustu aldamót.

Slík þróun væri eftirsóknarverð. Með fleiri sjávarútvegsfyrirtæki í dreifðri eigu fjárfesta, lífeyrissjóða og almennings, sem væri mögulega til þess fallið að skapa meiri sátt um þessa grundvallaratvinnugrein, ætti að sama skapi að vera meiri ástæða en ella til að endurskoða tólf prósenta kvótaþakið. Kjartan Ólafsson, stofnandi ráðgjafarfyrirtækisins Markó Partners, bendir réttilega á það í samtali við Markaðinn í vikunni að vaxtarmöguleikar HB Granda og fleiri sjávarútvegsfyrirtækja, sem eru í námunda við kvótaþakið, séu afar takmarkaðir. Íslenskar útgerðir, sem eiga í alþjóðlegri samkeppni, eru litlar í hinu stóra samhengi og til lengri tíma þurfa fyrirtækin að finna leiðir til að ná fram meiri stærðarhagkvæmni. „Ef við getum sammælst um mikilvægi þess að arðsemi auðlindarinnar verði hámörkuð,“ útskýrir Kjartan, „þá hljótum við að þurfa að ræða þær stærðartakmarkanir – fílinn í herberginu – sem hafa verið festar í lög. Það er óhjákvæmilegt.“

Undir þau orð skal tekið. Þótt slíkar stærðartakmarkanir séu víðast hvar í löndunum í kringum okkur þá eru þær hvergi eins takmarkandi og hér á landi, og skiptir þá engu hvort litið er til Færeyja, Noregs, Bandaríkjanna eða Kanada. Sjávarútvegurinn er besta dæmið um atvinnugrein á Íslandi sem hefur tekist, einkum vegna hins hagkvæma fyrirkomulags fiskveiða, að ná mikilli framleiðni vinnuafls og fjárfestingar. Það er hins vegar hægt að gera enn betur. Pólitísk höft hafa staðið í vegi fyrir frekari framþróun sjávarútvegsins. Því verður að breyta.

**Það er af sem áður var þegar nánast öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins voru skráð á markað um síðustu aldamót.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Ljósmæður slá á brjóstbirtu**

**Kjaradeila ljósmæðra við ríkið er í rembihnút. Þórarinn Tyrfingsson, fyrrverandi yfirlæknir á Vogi, kom með sitt innlegg í deiluna á Facebook í gær: „Allar ljósmæður velkomnar í vinnu á Vog. Hafið samband við Þóru,“ skrifaði hann og vísaði á Þóru Björnsdóttur hjúkrunarforstjóra. Óvíst er hvort Þórarinn sjái fyrir sér að ljósmæður séu öðrum fremri þegar kemur að því að slá á þorsta alkóhólista í brjóstbirtu. Nú, eða hvort til standi að opna Bleyjudeild á sjúkrahúsinu eftir að Bangsadeildin lokar.**

**Pútín bjargar bjórnum**

**Ugg setti að margri fótboltabullunni í gær þegar fréttist að borgarstjórn Moskvu hefði lagt bann við sölu á bjór 48 klukkustundum fyrir leiki á HM. Moskvubúinn og fararstjórinn Haukur Hauksson var þó snöggur til að slá á þennan ótta og upplýsti á Fréttablaðið.is í gær að FIFA og Budweiser hafi samið við Pútín um lagabreytingu sem heimili sölu og neyslu áfengis í næsta nágrenni íþróttamannvirkja. Málið er þegar komið í höfn í Dúmunni og „bjórinn mun því fljóta, innan vallar og ekki síst á „fan-zone“ stuðningsmannasvæðunum,“ sagði Haukur við fréttavef Fréttablaðsins í gær.**

thorarinn@frettabladid.is

# Kerfisgalli í Sjálfstæðisflokki



Örn Sigurðsson
arkitekt, í framkvæmdastjórn Samtaka um betri byggð

Frá 1944 hefur Sjálfstæðisflokkurinn setið í ríkisstjórn 80% lýðveldistímans, átt forsætisráðherra 57% tímabilsins og stjórnað Reykjavíkurborg 75% af sama tíma og þannig verið langöflugasta mótunarafl í nútímasögu Íslendinga til góðs eða ills.

Landsfundir móta stefnuna. Í skipulagsreglum flokksins segir í 9. gr.: „Landsfundur skal í aðalatriðum skipaður í samræmi við tölu sjálfstæðiskjósenda í kjördæmum landsins ...“ Hvert kjördæmi fái þrjá fulltrúa fyrir hverja 200 kjósendur og hvert sjálfstæðisfélag þrjá fulltrúa.

Á síðari hluta 20. aldar yfirtóku landsbyggðaröfl allt vald á landsfundum með því einfaldlega að fjölga sjálfstæðisfélögum á landsbyggðinni. Þau eru nú a.m.k. 127 á móti 39 félögum á höfuðborgarsvæðinu.

Þannig var farið á svig við þá helstu lýðræðisreglu Sjálfstæðisflokksins að kjörfylgi í kjördæmum landsins ráði alfarið skipan í helstu valdastofnunina.

Í áratugi hefur landsfundarsókn höfuðborgarbúa líka verið dræmari en landsbyggðarbúa vegna langvarandi áhrifaleysis þeirra. Landsbyggðaröfl ráða því öllu um stefnumótun á landsfundum þó 65% atkvæða flokksins falli á höfuðborgarsvæðinu. Ákvarðanir landsfunda eru bindandi fyrir ríkisstjórnir, þingmenn og borgarfulltrúa flokksins.

Þetta skýrir m.a. borgarfjandsamlega afstöðu Sjálfstæðisflokksins í flugvallarmálinu og undarlega stefnu í Evrópumálum sbr. nýlegan klofning Viðreisnar.

Hefur stjórn Sjálfstæðisflokksins áratugum saman raunverulega flotið sofandi að feigðarósi ásamt sjálfstæðiskjósendum á höfuðborgarsvæðinu eða vísvitandi vanrækt að tryggja að landsfundur sé skipaður í samræmi við tölu sjálfstæðiskjósenda í kjördæmum landsins?

Líklega gera fáir sjálfstæðiskjósendur á höfuðborgarsvæðinu sér grein fyrir kerfisgallanum og þeim afleiðingum að flokkurinn vinnur sjálfkrafa og kerfisbundið gegn viðtækum almannahagsmunum höfuðborgarsvæðisins, m.a. í skipulags- og samgöngumálum.

Vegna víðtækra og langvarandi áhrifa á stjórnun ríkis og borgar er ljóst að innbyggður kerfisgalli í stefnumótunar- og ákvarðanakerfi Sjálfstæðisflokksins er ekki einkamál flokksmanna hans og kjósenda.

**Ákvarðanir landsfunda eru bindandi fyrir ríkisstjórnir, þingmenn og borgarfulltrúa flokksins.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Diplómatísk handalögmál

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Fundur þeirra Donalds Trump og Emmanuels Macron í Washington í vikunni vakti mikla athygli um heim allan. Eitthvað sögðu þeir um málefni, stefnu og strauma eftir fundi sína, en það er allt löngu gleymt. Það sem gleymist seint er hinn frumstæði prímataballett sem þeir stigu í kringum hvor annan þar sem þeir kepptust við að sýna heiminum hvor þeirra væri alfa-dýrið í hjörðinni. Fréttamyndir af fundahöldum þessara valdamiklu manna báru þess vegna mun meiri keim af dýralífsþætti heldur en hefðbundinni fréttaumfjöllun um stjórnmál og alþjóðasamskipti.

Donald Trump hefur rutt ýmsar nýjar brautir frá því hann tók við embætti. Ein sú eftirminnilegasta er brautin sem hann ruddi fyrir sjálfan sig á leiðtogafundi NATO, þar sem hann bókstaflega henti forsætisráðherra Svartfjallalands úr vegi til þess að stilla sjálfum sér upp fremst fyrir ljósmyndara. Það vakti líka mikla athygli þegar hann tosaði harkalega í höndina á forsætisráðherra Japans, þannig að augljóst var að þeim síðarnefnda þótti það óþægilegt. Þegar Donald Trump tekur í spaðann á öðrum þjóðhöfðingjum þá gerir hann sér far um að halda fast og lengi—mjög lengi—óþægilega lengi, og meira að segja aðeins lengur en það. Svona lengi. Og kannski lengur. Hann er nefnilega mjög upptekinn af því að vera ekki bara ríkastur og valdamestur, heldur líka stærstur og sterkastur.

Líklega hefur Trump því orðið býsna feginn þegar hann frétti af falli síðustu ríkisstjórnar; því það hefði eflaust verið Bandaríkjaforseta þungbært að þurfa að taka opinberlega í hrammana á Bjarna Benediktssyni.

> **Í heimsókninni náði Trump fram ýmiss konar hefndum með því að baða út höndunum ofan í andlitið á Frakklandsforseta, toga og teygja hann til í faðmlögum og handaböndum—og, til þess að kóróna fullnaðarsigur sinn, þá dustaði hann ósýnilega flösu af jakka Frakkans með snöggri og valdsmannslegri stroku fyrir framan myndavélarnar.**

## Andstæðir pólar

En Macron er umtalsvert fínlegri en bæði Trump og Bjarni. Kjör hans í embætti Frakklandsforseta byggðist meðal annars á því að hann þótti prýðileg andstæða við hinn ameríska starfsbróður sinn. Á meðan Trump er ófágaður og borðar velsteiktar steikurnar sínar með tómatsósu, þá ber Macron með sér að kunna að þræða alls konar framandi froska og snigla upp á þartilgerða gaffla og prjóna eins og sönnum heimsborgara sæmir.

Trump er sagður spila inn á tilfinningar fólks og óöryggi—og eltir uppi pólitísk tækifæri eins og hákarl þefar uppi blóð, algjörlega óháð hugmyndafræði, staðreyndum, siðgæði eða almennu velsæmi. Macron er hins vegar sagður byggja sína pólitík á yfirvegaðri rökfærslu og djúpri þekkingu. Hann er svo gáfaður og ljóðelskur að kennslukona hans í grunnskóla, 23 árum eldri en hann, varð hamslaus af ást til hans þegar hann var einungis 15 ára, og er í dag eiginkona hans. Eiginkona Trumps er hins vegar 23 árum yngri en forsetinn og líklega hefur það ekki verið sameiginlegur bókmennta- og fagurlistaáhugi sem leiddi þau saman heldur eitthvað ögn frumstæðara.

## Handaband aldarinnar

Þegar Macron hitti Trump fyrst eftir kjörið var því vel fylgst með því hvernig samskiptum þessara gjörólíku manna yrði háttað. Fjölmiðlafólk hafði undirbúið jarðveginn fyrir handabandið sjálft—„þetta verður ROSALEGT,“—„Ekki missa af handabandi ársins á Stöð 2 sport í kvöld“—og ólíkt mörgum öðrum „leikjum aldarinnar“ olli fyrsta handabandið ekki vonbrigðum. Það stóð í hvorki meira né minna en 22 sekúndur þar sem hvorugur forsetinn, gamli stóri og ungi lipri, gaf tommu eftir. Þegar Trump varð á endanum ljóst að Macron ætlaði ekki að beygja sig í duftið fór hann að draga Frakkann til og snúa hálfpartinn upp á hendina á honum svo lítið bar á. Á endanum greip hann með vinstri hendinni í eiginkonu Macrons og virtist á tímabili sem þau væru líkleg til þess að steypast öll þrjú í eina ógleymanlega byltu í miðri París. En áður en það gerðist þá sleppti Trump takinu. 1–0 fyrir Macron.

Macron var svo montinn með sig að hann talaði opinberlega um það hvernig hann hafði undirbúið sig undir handabandið og að hann hafi ákveðið að gefa alls ekkert eftir. Allt Frakkland og öll Evrópa og hálf Ameríka fögnuðu þessum frábæra diplómatíska árangri.

## Flösufágun

En þrátt fyrir þennan sigur er Macron bara óskóp venjulegur maður eins og sannaðist í heimsókninni í Washington í vikunni. Þegar kemur að líkamlegum ógnunartilburðum þá er hann viðvaningur miðað við Bandaríkjaforseta. Í heimsókninni náði Trump fram ýmiss konar hefndum með því að baða út höndunum ofan í andlitið á Frakklandsforseta, toga og teygja hann til í faðmlögum og handaböndum—og, til þess að kóróna fullnaðarsigur sinn, þá dustaði hann ósýnilega flösu af jakka Frakkans með snöggri og valdsmannslegri stroku fyrir framan myndavélarnar áður en hann staðfesti velþóknun sína á Macron með þeim orðum að hann væri „algjört krútt“—eða eitthvað í þá veruna. Áhersla Bandaríkjaforseta á að sýna fram á vald sitt með ógnandi og niðurlægjandi líkamlegum tilburðum er auðvitað ekki bara fyndin. Hún er til marks um sorglega hnignun í samskiptum, þar sem dólgshegðun og ógnandi tilburðir eru notaðir til þess að setja fólk úr jafnvægi og niðurlægja; eins og um sé að ræða fjölbragðaglímukappa í leikriti—en ekki þá einstaklinga sem valist hafa til þess að taka örlagaríkustu ákvarðanir mannkyns.



Ósnortin víðerni á Íslandi

Ísafjarðar Bíó,
Föstudaginn 27. apríl
2018 kl. 18 - 19.

Verið velkomin!

Ólafur Már Björnsson
& Tómas Guðbjartsson

halda fyrirlestur

Ókeypis aðgangur.

FÍFL

FÍ

# Hafni Íslendingar evrópsku orkulöggjöfinni mun norska þjóðin fagna



**Kathrine Kleveland**
formaður Fullveldissamtaka Noregs (Nei til EU)

Hafni Íslendingar orkulöggjöf Evrópusambandsins verður hún ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Slík niðurstaða yrði í ágætu samræmi við vilja og hagsmuni Norðmanna. Fullveldissamtök Noregs, Nei til EU, hafa brýnt fyrir ríkisstjórn Noregs að virða þá ákvörðun sem Íslendingar munu taka.

Markmið tveggja stoða stjórnkerfis EFTA og Evrópusambandsins er meðal annars að koma í veg fyrir að EES-samningurinn belgist út með einhliða ákvörðunum Evrópusambandsins. Það er grundvallaratriði að Noregi, Íslandi og Liechtenstein sé ekki stjórnað af stofnunum Evrópusambandsins. Yfirþjóðleg valdboð skuli ekki verða með öðrum hætti en með ákvörðunum stofnana EFTA. Tíminn hefur á hinn bóginn leitt í ljós að með sívaxandi hugmyndaauðgi í skipulagi stjórnsýslu er þetta grundvallaratriði sniðgengið. Í framkvæmd sogast ríki EFTA undir vald stofnana Evrópusambandsins í stað þess að lúta hliðstæðum stofnunum EFTA. Eftirlitsstofnunin ESA sinnir í raun afgreiðslu fyrir Evrópusambandið og nú síðast orkuskrifstofu sambandsins, ACER.

### Mikill meirihluti andvígur

Ríkisstjórn Noregs og Stórþingið hafa horft fram hjá þeirri staðreynd að norskur almenningur er eindregið á móti því að flytja valdheimildir til Orkuskrifstofu Evrópusambandsins. Með því færast mikilvægir þættir í stjórn orkumála Noregs frá kjörnum fulltrúum í Noregi í hendur stofnunar Evrópusambandsins, en það er krafa sambandsins.

Umræða um þetta mál í Noregi er tilfinningaþrungin og hún hefur einkennst af hörðum átökum. Fara þarf aftur til þjóðaratkvæðagreiðslunnar um aðild að Evrópusambandinu árið 1994 til að finna hliðstæðu. Verkalýðshreyfingin, sveitarfélög og sveitarstjórar, héraðsþing, stjórnmálaflokkar og fleiri samtök hafa ýmist hafnað framsali valds í orkumálum eða farið fram á frestun málsins. Skoðanakannanir sýna að aðeins tíundi hluti Norðmanna styður málið. Andstaðan er með öðrum orðum afar sterk.

Við höfum veitt eftirtekt vaxandi gremju á Íslandi með að norsk stjórnvöld nýti vægi sitt innan EES til að knýja fram upptöku reglna Evrópusambandsins. Norskir embættismenn lýsa jafnvel yfir niðurstöðu áður en réttmæt yfirvöld hafa rætt málið og áður en nokkur niðurstaða er komin í viðræður Noregs, Íslands og Liechtenstein. Tveggja stoða kerfið er sem sagt orðin tóm og Íslendingar hljóta með réttu að velta fyrir sér hvort hagsmunum þeirra sé best borgið með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

### Neitun þjónar sameiginlegum hagsmunum

Ljóst er að íslenskir stjórnmálaflokkar eru efins um ágæti valdaframsals til Orkuskrifstofu Evrópusambandsins, ACER, og er það sem endurómur af umræðunni í Noregi nú í vetur. Greinilegt er að íslenskir stjórnmálamenn leggja við hlustir þegar þjóðin talar. Munu Íslendingar grípa í taumana og koma í veg fyrir framsal í orkumálum í nafni EES?

Engar neikvæðar afleiðingar verða af því að Íslendingar hafni fyrirliggjandi hugmyndum um valdaframsal í orkumálum. Evrópusambandið getur í mesta lagi hafnað fjórða viðauka EES um orkumál, en af því hefði sambandið þó enga hagsmuni. Höfnun á orkumálalöggjöfinni af hálfu Íslendinga mun á hinn bóginn hafa margþætt jákvæð áhrif á norskt samfélag. Hætta er nefnilega á hruni og fjöldaatvinnuleysi í orkufrekum iðnaði í Noregi ef rafmagnið hækkar upp í það sem tíðkast í Evrópusambandinu.

Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, hefur bent á að áhugamenn um EES þurfi að benda skýrar á ágæti þess samnings. Þar liggur beinast við að virða ákvæði samningsins um að engar nýjar reglur verði teknar inn í EES nema öll EFTA-ríkin séu um það sammála. Hvers kyns þrýstingur frá Noregi í þessu máli er vanvirðing við frændur okkar Íslendinga. Fullveldissamtök Noregs, Nei til EU, fara fram á að norska ríkisstjórnin sýni Íslendingum viðeigandi virðingu.

**Markmið tveggja stoða stjórnkerfis EFTA og Evrópusambandsins er meðal annars að koma í veg fyrir að EES-samningurinn belgist út með einhliða ákvörðunum Evrópusambandsins. Það er grundvallaratriði að Noregi, Íslandi og Liechtenstein sé ekki stjórnað af stofnunum Evrópusambandsins. Yfirþjóðleg valdboð skuli ekki verða með öðrum hætti en með ákvörðunum stofnana EFTA.**

# Samgöngur fyrir fólk





**Eyþór Arnalds** **Hildur Björnsdóttir**
skipa 1. og 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Reykjavík stendur frammi fyrir samgönguvanda. Það tekur nú 26% lengri tíma að komast milli staða en áður. Núverandi meirihluta hefur ekki tekist að auka hlut almenningssamgangna í borginni. Þvert á móti fjölgaði bílum meira en fólki síðasta kjörtímabil. Það gerist þvert á yfirlýst markmið um annað. Ljóst er að samgönguvandi borgarinnar hefur aukist í tíð núverandi meirihluta.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á spennandi en jafnframt skynsamlegar lausnir í samgöngumálum. Við viljum vistvænar og greiðar samgöngur fyrir fólk, með áherslu á styttri ferðatíma. Það er lífsgæðamál fyrir borgarbúa.

Við viljum minnka kolefnisspor og leggjum áherslu á að Reykjavík verði leiðandi í rafbílavæðingu. Stórbæta þarf aðgengi að hleðslustöðvum fyrir íbúa borgarinnar, ekki síst þá sem búa í fjölbýlum. Þannig auðveldum við fólki að nýta hreina íslenska orku. Reykjavík er í kjöraðstöðu sem helsti eigandi Orkuveitu Reykjavíkur til að leiða þetta verkefni.

Við viljum efla almenningssamgöngur og gera þær að raunhæfum valkosti fyrir fleiri. Það er lykilþáttur við lausn samgönguvandans. Kannanir sýna að helst mætti fjölga notendum ef ferðatími væri styttri. Við leggjum því áherslu á fleiri sérakreinar sem stuðla að styttri ferðatíma.

**Við viljum fjölga vinnustöðum í austurhluta borgarinnar og auka byggð í vesturhlutanum. Þannig má skapa betri hringrás í umferð og svara eftirspurn eftir búsetukostum vestarlega.**

Það þarf að fjárfesta í bættum almenningssamgöngum, en við teljum ekki unnt að taka upplýsta afstöðu til hugmynda um Borgarlínu á þessu stigi. Málið er ekki svart eða hvítt, það er margvíslega grátóna. Tillagan er á þróunarstigi, kostnaður óljós og aðkoma annarra sveitarfélaga á reiki. Við leggjumst gegn hugmyndum Samfylkingar um að tvöfalda skuldir borgarsjóðs til að fjármagna verkefnið. Það er óábyrgt að skuldsetja framtíðina með veði í óljósum hugmyndum stjórnmálamanna á atkvæðaveiðum. Við leggjum áherslu á raunhæfar og ábyrgar lausnir.

Almennt er einn um hvern bíl og tekur hver einstaklingur því talsvert vegpláss. Við viljum hvetja til aukins samflots í bílum svo bæta megi nýtingu vega og minnka kolefnisspor. Við leggjum því til að sérakreinar fyrir almenningssamgöngur verði einnig nýttar af þeim sem fjölmenna í bíla, þrír eða fleiri, og draga þar með úr bílaumferð.

Við viljum fara í nauðsynlegar úrbætur á hættulegustu gatnamótum borgarinnar. Eins þarf að nýta nútímatækni svo betur megi stýra ljósum og umferð. Í þessum efnum sækjum við fyrirmyndir til erlendra borga.

Bæta þarf aðstæður fyrir hjólandi og gangandi. Það er samgöngumál, en ekki síður lýðheilsumál. Í dag ferðast mun fleiri með hjóli en almenningssamgöngum, og því ljóst að samgöngumátinn hentar mörgum. Við viljum að Reykjavík skapi mun betri skilyrði fyrir þá sem kjósa að ganga eða hjóla.

Breyta þarf skipulagi svo fleiri geti starfað austarlega í borginni. Í dag liggja umferðarstraumar til vesturs að morgni en austurs að kvöldi. Hér þarf að ná jafnvægi í borgarskipulagi. Við viljum fjölga vinnustöðum í austurhluta borgarinnar og auka byggð í vesturhlutanum. Þannig má skapa betri hringrás í umferð og svara eftirspurn eftir búsetukostum vestarlega.

Sjálfstæðisflokkurinn vill fjárfesta í samgöngubótum fyrir fjölbreyttar samgöngur. Við leggjum áherslu á vistvænar og greiðar samgöngur fyrir fólk. Við viljum skipuleggja borg með sjálfbærum hverfum og bjóða borgarbúum raunverulegt val um ferðamáta. Við leggjum áherslu á raunhæfar og ábyrgar lausnir.

# Kraftmikil sókn í menntamálum



**Skúli Helgason**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

Mikill vöxtur hefur verið í menntamálum í Reykjavík og hafa framlög til málaflokksins aukist um 25% frá 2014 eða um rúmlega níu milljarða króna. Stærstur hluti hefur farið í að borga hærri laun til starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum en einnig hafa framlög aukist verulega til innra starfs, sérstaklega undanfarin tvö ár eftir að hagur borgarsjóðs fór að vænkast. Sterk fjárhagsstaða borgarinnar er einmitt lykillinn að því að nú er hægt að ráðast í metnaðarfulla uppbyggingu í leikskólamálum sem lengi hefur verið beðið eftir.

### Tvöfalt hærri framlög

Góðu heilli er íbúasamsetning þjóðarinnar fjölskrúðugri nú en áður og hlutfall barna af erlendum uppruna fer vaxandi í skólum borgarinnar. Meirihlutinn í borginni hefur mætt því með tvöföldun framlaga í fjölmenningarlegt leikskólastarf og tvöfalt hærri framlögum til íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Nú njóta um 2.200 börn þeirrar kennslu en voru að meðaltali rúmlega 300 á árunum 2004-2014.

### Aukin áhersla á sérkennslu og faglegt starf

Framlög til faglegs starfs og sérkennslu hafa aukist mjög í leikskólum og grunnskólum og við hyggjumst taka meira tillit til lýðfræðilegra þátta við úthlutun fjármagns. Það mun koma til góða í skólum og skólahverfum með hátt hlutfall barna sem þurfa sérstakan stuðning vegna félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna. Það er jafnaðarstefna í framkvæmd sem er okkar leiðarljós við stjórn borgarinnar.

### Bætt starfsumhverfi

Mikil og góð samvinna hefur verið við forystu kennara í leikskólum og grunnskólum og starfsfólk frístundamiðstöðva um að greina og leggja til úrbætur á starfsumhverfi þeirra. Nú þegar hafa rúmlega 20 af þessum tillögum verið samþykktar og hefur meira en 600 milljónum verið úthlutað til að hrinda þeim í framkvæmd auk þess sem framlög til viðhalds og endurbóta á húsnæði og starfsaðstöðu hafa rúmlega tvöfaldast á tveimur árum. Þessi mál verða áfram í forgangi á komandi misserum.

### Menntastefna verður til

Undanfarið ár hefur staðið yfir tímamótavinna við mótun nýrrar menntastefnu Reykjavíkur til 2030 og hafa þúsundir lagt þar gott til málanna: kennarar, skólastjórar og annað starfsfólk, foreldrar, ráðgjafar og síðast en ekki síst börn og ungmenni sem hafa sterkar og spennandi skoðanir á skóla- og frístundastarfinu. Þessi vinna hefur vakið athygli út fyrir landsteinana en til stendur að kynna hana á komandi vikum og innleiða frá og með næsta skólaári. Þar verður m.a. aukin áhersla á félagsfærni, sjálfseflingu og alhliða þroska barna, meira val og fjölbreytni í viðfangsefnum þeirra og markvissari stuðning við börn með fjölþættar þarfir sem mikilvægt er að sinna fljótt og vel til að þau njóti sömu tækifæra og jafnaldrar þeirra.

Skólamálin í borginni eru í mikilli sókn og fram undan eru spennandi tímar í þessum mikilvæga málaflokki.

**Mikill vöxtur hefur verið í menntamálum í Reykjavík og hafa framlög til málaflokksins aukist um 25% frá 2014 eða um rúmlega níu milljarða króna.**







ENNEMM / SÍA / NMxxxxx

## Reynsluaktu Hyundai i10 alla leið til Moskvu.

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir HM í Rússlandi og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai, þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð á leik Íslands og Argentínu í Moskvu þann 16. júní.

Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Moskvu. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum FIFA WORLD CUP 2018

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Veglegir HM aukahlutapakkar fylgja öllum Hyundai bílum í takmarkaðan tíma.

## Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018

Ítarlegri grein má lesa á Fréttablaðið.is

PEPSI DEILDIN 2018

| | |
|---|---|
| 1. Valur | 7. Fjölnir |
| 2. FH | 8. Grindavík |
| 3. Stjarnan | 9. Víkingur R. |
| 4. KR | 10. ÍBV |
| 5. Breiðablik | 11. Fylkir |
| 6. KA | 12. Keflavík |

### Valur
**hafnar í 1. sæti**

Fréttablaðið spáir því að Valur hafni í 1. sæti Pepsi-deildar karla og verði Íslandsmeistari annað árið í röð. Valsmenn ætla ekkert að gefa eftir og fengu til sín sterka leikmenn í vetur, m.a. byrjunarliðsmann í íslenska landsliðinu. Valur leit vel út á undirbúningstímabilinu og það þarf eitthvað mikið til að liðið verji ekki Íslandsmeistaratitilinn.

### Lykilmaðurinn í sumar
**Haukur Páll Sigurðsson**

**Haukur Páll Sigurðsson** átti frábært tímabil í fyrra og átti stóran þátt í því að Valsmenn urðu meistarar. Fyrirliðinn slapp við meiðsli, öfugt við árin á undan, og missti bara af tveimur deildarleikjum. Hann ver Valsvörnina og er mikilvægur í uppspili liðsins. Mjög sterkur í föstum leikatriðum.




### Tölfræði frá síðasta sumri

**13** leikmenn skoruðu fyrir Val.

**0** leikjum tapaði Valur á heimavelli.

### Nýju andlitin

**Kristinn Freyr Sigurðs.** Sundsvall
**Tobias Thomsen** KR
**Birkir Már Sævarsson** Hammarby
**Ívar Örn Jónsson** Víkingi R.

### Fylgstu með þessum

**Birkir Már Sævarsson** er kominn aftur heim eftir áratug í atvinnumennsku. Spennandi sumar fram undan hjá Birki sem verður í eldlínunni með landsliðinu á HM.

**ENKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★★ | SÓKNIN ★★★★★ | ÞJÁLFARINN ★★★★★ | BREIDDIN ★★★★★ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★★★ |

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL** **2017** 1. sæti | **2016** 5. sæti | **2015** 5. sæti | **2014** 5. sæti | **2013** 5. sæti | **2012** 8. sæti |

# Karen vann loksins þann stóra

**Fram er Íslandsmeistari í handbolta í kvennaflokki eftir sigur á Val í gær. Með því tókst Fram að verja titilinn og vinna um leið 22. meistaratitilinn í sögu félagsins. Seigla Fram undir lok leiksins skilaði þeim sigri.**




Karen (númer 10) fagnar ásamt liðsfélögum sínum. Fram er bæði Íslands- og bikarmeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**HANDBOLTI** Framkonur eru Íslandsmeistarar í handbolta eftir 26-22 sigur á Val í Safamýrinni í gær en með því tókst Fram að verja titilinn og er um leið handhafi tveggja stærstu titlana sem í boði eru á Íslandi. Er þetta 22. meistaratitill Fram í kvennaflokki en þær eru með gott forskot á Valsliðið þar. Með sigrinum í gær tókst Fram að verja meistaratitilinn í fyrsta sinn í 28 ár eða allt frá því að Stjarnan batt enda á fimm ára sigurgöngu Fram árið 1991.

Ótrúleg stemming var í Framheimilinu í gær og var spennustigið hátt innan sem utan vallar. Liðin skiptust á mörkum framan af og var allt í járnum. Valsliðið náði spretti í upphafi seinni hálfleiks og náði góðu forskoti en Fram svaraði um hæl með öðrum eins spretti. Var það ekki fyrr en rétt undir lokin sem Framarar náðu þriggja marka forskoti þegar þær nýttu sér mistök Valsliðsins og gengu frá einvíginu um leið.

Landsliðskonan Karen Knútsdóttir kom heim í Fram úr atvinnumennsku fyrir tímabilið en hún var að vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil og það með æskufélaginu. Hún var skiljanlega í skýjunum þegar Fréttablaðið náði á hana eftir leik.

„Tilfinningin er auðvitað bara frábær, hér ólst ég upp og náði loksins að vinna titil með uppeldisfélaginu. Það var frábært að spila þennan leik og sjá allan stuðningin sem bæði liðin fengu. Það var þétt setið löngu fyrir leik og bæði stuðningsmannaliðin voru frábær, ég verð að hrósa Valsstrákunum þar,“ sagði Karen sem sagði skemmtilegt að heyra létt skot úr stúkunni.

Karen hrósaði Valsliðinu eftir úrslitaeinvígið. „Þær keyrðu upp hraðann og voru afar grimmar enda var allt undir fyrir þær. Við náðum að halda vel haus eftir öll áhlaupin þeirra og náðum að refsa þeim þegar þær gerðu einbeitingar,“ sagði Karen og bætti við: „Heilt yfir var þetta frábært einvígi.“

Eftir sex ár í atvinnumennsku kom Karen heim og er Íslandsmeistari í fyrstu tilraun.

„Það er nú ekkert svo mikið breytt, nokkrar nýjar stelpur en sama höllin og sama fólkið. Kannski er það helst aldurinn. Þetta eru margar hverjar æskuvinkonur mínar í liðinu og það er engin betri tilfinning að fá að landa titlinum með þeim,“ sagði Karen glöð að leikslokum. **kristinnpall@frettabladid.is**

# Lið séra Friðriks mætast í oddaleik á mánudaginn

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Vals á enn möguleika á að verða Íslandsmeistari í fyrsta sinn eftir tveggja stiga sigur, 68-66, á Haukum að Hlíðarenda í gær. Með sigrinum jöfnuðu Valskonur metin í úrslitaeinvíginu í 2-2. Það ræðst því í oddaleik á Ásvöllum á mánudaginn hvort liðið verður Íslandsmeistari.

Valur hóf leikinn af miklum krafti og með Guðbjörgu Sverrisdóttur í broddi fylkingar í sóknarleik sínum náðu heimakonur fljótlega tæplega tíu stiga forystu í leiknum. Vörn Vals var feikilega öflug í þessum leik, en Elín Sóley Hrafnkelsdóttir og Aalyah Whiteside léku vel á báðum endum vallarins. Þær skoruðu hvor um sig 15 stig fyrir Val, en Guðbjörg var stigahæst með 19 stig.

„Við höfðum fulla trú á því að við gætum haft betur í þessum leik og tryggt okkur oddaleik. Þetta er bara einvígi tveggja góðra liða og það eru helmingslíkur á því að mínu mati að titillinn endi hjá okkur. Það var sterk vörn sem var lykillinn að þessum sigri að mínu mati,“ sagði Guðbjörg sigurreif í samtali við Fréttablaðið að leik loknum.

„Það var bara allt eða ekkert í þessum leik þannig að við ákváðum að gefa allt sem við áttum. Þó svo að Haukar næðu að koma til baka eftir að við höfðum náð fínu forskoti var ég ávallt sannfærð um að við myndum vinna. Fram undan er skemmtilegur leikur þar sem allt er undir. Ég er strax farin að hlakka til,“ sagði Guðbjörg. **– hó**




Elín Sóley Hrafnkelsdóttir átti góða leik fyrir Val. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nýjast

**Olís-deild kvenna, úrslit**

**Fram - Valur 26-22**

**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7/1, Hildur Þorgeirsdóttir 6, Steinunn Björnsdóttir 4, Karen Knútsdóttir 3, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Þórey Rósa Stefánsdóttir 2, Elva Þóra Arnardóttir 1, Marthe Sördal 1.

**Valur:** Diana Dögg Magnúsdóttir 5, Morgan Marie Þorkelsdóttir 4, Diana Satkauskaité 4, Ásdís Þóra Ágústsdóttir 3/3, Gerður Arinbjarnar 1, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 1, Chantel Pagel 1, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 1, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1, Auður Ester Gestsdóttir 1.

*Fram vann einvígið 3-1 og er Íslandsmeistari.*

**Domino's-deild kvenna, úrslit**

**Valur - Haukar 68-66**

**Valur:** Guðbjörg Sverrisdóttir 19/8 fráköst, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 15/12 fráköst, Aalyah Whiteside 15/7 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 7, Bergþóra Holton Tómasdóttir 7, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 3, Ragnheiður Benónísdóttir 2.

**Haukar:** Helena Sverrisdóttir 20/7 fráköst/6 stoðsendingar, Rósa Björk Pétursdóttir 17, Whitney Michelle Frazier 13/13 fráköst, Anna Lóa Óskarsdóttir 10, Sigrún Björg Ólafsdóttir 2, Fanney Ragnarsdóttir 2, Þóra Kristín Jónsdóttir 2/7 fráköst.

*Staðan í einvíginu er 2-2. Liðin mætast í oddaleik á mánudaginn.*

**Evrópudeildin, undanúrslit, fyrri leikir**

**Arsenal - Atl. Madrid 1-1**

1-0 Alexandre Lacazette (61.), 1-1 Antoine Griezmann (82).

**Marseille - Salzburg 2-0**

1-0 Florian Thauvin (15.), 2-0 Clinton N'Jie (63.).



**KA-menn leika með þeim bestu á næsta tímabili.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# KA komið upp

**HANDBOLTI** KA tryggði sér sæti í Olís-deild karla á næsta tímabili með öruggum sigri á HK, 37-25, í KA-heimilinu í gær. KA-menn unnu leikina þrjá í umspilinu með samtals 21 marki.

KA tefldi aftur fram meistaraflokki karla í handbolta í vetur í fyrsta sinn frá tímabilinu 2005-06. Á árunum 2006-17 lék KA undir merkjum Akureyrar sem er einnig komið upp í Olís-deildina. **– iþs**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 27. APRÍL 2018

# Sagði sykursýki stríð á hendur

Fanney Sizemore, myndskreytir og leikmunavörður í Borgarleikhúsinu, ákvað að taka mataræði sitt í gegn þegar hún greindist með sykursýki 2. Hún hefur náð ótrúlegum árangri í baráttu sinni við sjúkdóminn. ➔2



Fanney Sizemore hefur mörg áhugamál sem tengjast einnig störfum hennar sem leikmunavörður, myndskreytir og grafískur hönnuður. MYND/EYÞÓR ÁRNASON

ENZYMEDICA®

Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum







Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜

Á milli þess sem Fanney fylgist með æfingum í Borgarleikhúsinu og finnur til alls kyns leikmuni fyrir sýningar situr hún við áhugamál sitt sem er myndskreytingar. Það hefur verið nóg að gera í vetur hjá henni, til dæmis við uppsetningu á sýningunni Rocky Horror þar sem stjarna Páls Óskars skín skært. Leikmunadeildin þarf alltaf að vera til taks en nú horfir Fanney fram á rólegri daga og tiltekt. Allar frumsýningar eru búnar í vetur og þess vegna þarf að huga að næsta sýningarári. „Það var eiginlega tilviljun að ég datt inn í þetta starf,“ segir hún þegar við spyrjum um áhugasvið hennar innan leikhússins. „Ég er lærður grafískur hönnuður og myndskreytir og var að vinna sjálfstætt. Meðfram því vann ég í móttökunni í Borgarleikhúsinu sem æxlaðist í að ég var beðin að taka að mér fleiri störf eins og að hvísla. Mér fannst skemmtilegt að vinna í leikhúsinu og datt í hug að sækja um í leikmunadeildinni þegar þar losnaði starf. Ég sé ekki eftir því, hef verið hér í þrjú ár og finnst alltaf jafn gaman í vinnunni,“ segir hún.

## Plakathönnun í Póllandi

Fyrir utan starfið hefur Fanney einstaklega gaman af því að ferðast um heiminn. Hún segist eingöngu ferðast ódýrt en það var þó ekki þess vegna sem hún valdi að mennta sig í myndskreytingum í Póllandi. „Reyndar var það pólsk plakathönnun sem heillaði mig mikið. Fyrst lærði ég pólsku þar sem námið fór fram á því tungumáli og síðan fór ég í master í pólskri plakathönnun en þá kom hrunið á Íslandi og ég hætti náminu,“ segir Fanney. Þótt það hafi verið ódýrt og gott að búa í Kraká hafði fall krónunnar mikil áhrif á námsmanninn. „Það var dásamlegt að vera í Póllandi og ég hefði getað hugsað mér að vera lengur,“ segir hún.

## Ólíkar orgelpípur

Fanney hefur alla tíð haft mikinn áhuga á myndskreytingum. Hún dvaldi um tíma í Berlín þar sem hún starfaði við fagið. „Ég hef alltaf haft áhuga á að vinna með myndskreytingar frekar en ljósmyndir þegar ég vinn með verkefni í grafískri hönnun,“ segir Fanney sem hefur teiknað mörg geisladiskaalbúm og bókarkápur. Fanney myndskreytti barnabókina Lítil saga úr orgelhúsi eftir Guðnýju Einarsdóttur en Michael Jón Clarke gerði tónlistina. Með bókinni fylgir geisladiskur en sögumaður á honum er Bergþór Pálsson. Sagan gerist í orgelhúsi þar sem orgelpípurnar búa en þær eru mismunandi að stærð, útliti og hljómi. Bókin hefur fengið gríðarlega góð viðbrögð.

„Við frumsýndum þetta fyrst sem tónlistarverk á Barnamenningarhátíð fyrir þremur árum í Fella- og Hólakirkju. Síðan ferðuðumst við víða um landið með sýninguna og fengum frábær viðbrögð. Myndunum var þá brugðið upp á tjald og Bergþór sagði söguna. Eftir að þetta varð bók og geisladiskur var okkur boðið á orgelhátíð í Svíþjóð til að kynna verkefnið og síðan fór Guðný með verkið til Danmerkur og sýndi orgelnemum í Kaupmannahöfn það. Í september var okkur síðan boðið að koma til Bretlands þar sem við komum fram í Pálskirkjunni í London og um daginn sýndum við á Barnamenningarhátíð í Hallgrímskirkju á íslensku og ensku. Núna er búið að útbúa handritið á fimm tungumálum þannig að þetta verkefni hefur undið upp á sig. Krakkar hafa mjög gaman af þessu enda er sagan mikið ævintýri. Segir frá því hvað við erum öll mikilvæg þótt við séum ólík. Sjálf lærði ég fullt um orgelpípur í gegnum söguna,“ segir Fanney.

## Þreyta og þorsti

Í byrjun ágúst í fyrra greindist Fanney með sykursýki 2. Hún áttaði sig ekki sjálf á sjúkdómnum jafnvel þótt hann væri í báðum ættum hennar. Fanney var því í áhættuhópi að fá sjúkdóminn. „Ég reykti pakka á dag, var alltaf þyrst og þreytt. Þótt ég væri ekki að borða endalaust eitthvað óhollt var ég samt of þung. Það kom flatt upp á marga að ég hefði greinst með þennan sjúkdóm. Eftir að ég greindist áttaði ég mig fyrst á orkuleysi og endalausum þorsta sem hrjáði mig en það eru skýr skilaboð um sykursýki. Ég fékk lyf til að halda blóðsykrinum niðri auk þess sem mér var sagt að passa upp á mataræðið. Þetta fékk mig til að endurskoða líf mitt. Ég hætti að reykja og fór að borða morgunmat sem ég hafði aldrei gert. Núna þarf ég að borða minna í einu og oftar til að halda blóðsykrinum eðlilegum. Ég má helst ekki borða sykur þótt ég stelist einstaka sinnum til þess,“ segir hún.

## Sjö kíló farin

Fanney hefur lengi stundað dansæfingar, sérstaklega Lindy Hop en fór að hreyfa sig enn meira eftir að hún greindist. „Maður þarf helst að ná púlsinum upp hálftíma á dag. Ég fór til læknis um daginn í fyrsta skipti eftir að ég greindist og hann varð furðu lostinn yfir árangrinum hjá mér. Blóðsykurinn hafði lækkað mjög mikið og ég hafði misst sjö kíló. Eiginlega fóru kílóin af mér án þess að ég fyndi fyrir því. Kötturinn minn er sjö kíló og mér fannst merkilegt að hugsa um að ég hefði létt mig um heilan kött eða sjö lítra af mjólk. Ég er útskrifuð frá göngudeildinni og mér var sagt að ef ég næði fimm kílóum af mér í viðbót og héldi áfram sama lífsstíl gæti ég hugsanlega losnað við lyfin. Hreyfing og mataræði skiptir öllu máli. Ég finn hvað mér líður miklu betur en áður og mun halda áfram á sömu braut. Það er ótrúlegt hversu líðan manns breytist mikið með breyttu lífsmunstri,“ segir Fanney og bendir á að það sé mjög lítið mál að láta mæla blóðsykur á næstu heilsugæslu ef fólk hefur merki um sykursýki, til dæmis mikla þreytu og þorsta. „Ég upplifði mig aldrei sem einhvern sjúkling en ég finn núna hvað mér líður miklu betur,“ segir Fanney sem verður 35 ára á sunnudaginn.



Mér leiðist aldrei í vinnunni, segir Fanney Sizemore. MYNDIR/EYÞÓR

## Dans og stepp

Lindy Hop dans sem Fanney hefur stundað í mörg ár er nokkurs konar swing-dans undir swing-, blues-, og djasstónlist. „Ég fer á öll námskeið í Lindy Hop sem ég kemst á, bæði hér á landi og erlendis. Við dönsum í Petersen svítunni á miðvikudagskvöldum en í þessum dansi þarf engan dansherra. Allir dansa saman. Einnig er ég á steppnámskeiði og dansa jallabina hjá World Class. Ég stunda eingöngu þá hreyfingu sem mér finnst vera áhugaverð. Líkamsrækt og hreyfnig þarf alls ekki að vera leiðinleg,“ segir Fanney. „Þegar ég fer til útlanda leita ég uppi staði sem bjóða þessa dansa og þá hittir maður fullt af skemmtilegu fólki,“ segir hún en Fanney er á leið til London þar sem hún ætlar að skoða Harry Potter stúdíóið. „Í sumar ætla ég að ferðast um Pólland, Tékkland, Austurríki og Þýskaland,“ segir hún. Fanney segir að það sé auðvelt að henda sér í ferðalög á meðan hún er ekki með fjölskyldu. „Ferðalög eru eitt af áhugamálum mínum og ég reyni að komast ódýrt út í heim. Ég hef ekki enn farið á framandi slóðir en stefni á það í framtíðinni.“



Það kennir ýmissa grasa í leikmunadeild Borgarleikhússins þar sem Fanney starfar.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.690 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
*tekið með heim – 1.990 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



Stelpur Strákar

**NÚTÍMALISTDANSBRAUT JSB**

# Skráning í inntökupróf

## á listdansbraut fyrir skólaárið 2018 - 2019

## stendur yfir á jsb.is til 12. maí

Inntökupróf – framhaldsskólastig
**16 ára og eldri**
laugardaginn 12. maí kl. 14:00 – 15:30

Inntökupróf – grunnskólastig
**13 – 15 ára**
laugardaginn 12. maí kl. 16:00 – 17:30

Dansnám á listdansbraut JSB er kröfuhart listdansnám sem tekur mið af aðalnámsskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins í listdansi.

Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

EFLIR / HNOTSKÓGUR

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

# Kirsuberjatréð blómstrar

Listakonurnar í Kirsuberjatrénu blása til afmælisfagnaðar í dag milli klukkan 17 og 20. Tuttugu og fimm ár eru síðan galleríið var sett á fót en að því stendur hópur kvenna.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Kirsuberjatréð er dálítið sérstakt fyrirbrigði, bæði búð og gallerí en þó hvorugt. Hópurinn sem setti það á fót vildi hafa eitthvað framandi og ævintýralegt og þannig varð nafnið Kirsuberjatréð til. Það hefur verið hér til húsa óslitið í 25 ár og alltaf rekið af konum,“ segir Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður og ein þeirra tólf listakvenna sem standa að Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4. Þær fagna 25 ára starfsafmæli Kirsuberjatrésins í dag með lúðraþyt og fjöri.

„Hér verður heilmikið húllumhæ í tilefni tímamótanna,“ segir Ólöf. „Lúðrasveitin Svanur gengur frá Ingólfstorgi og hingað upp eftir klukkan 17 og heldur uppi fjöri. Áslaug Snorradóttir, ljósmyndari og matarlistakona, stjórnar veitingum, hér verður tombóla og fleira skemmtilegt.“

*Hver er galdurinn á bak við farsæla sögu Kirsuberjatrésins?*

„Hér eru fáar vinnureglur. Hver sér um sig og hver hefur sitt pláss. Því er mikið sjálfstæði innan Kirsuberjatrésins. Við erum stöðugt að ögra sjálfum okkur og endurtökum okkur ekki mikið. Fólk sér alltaf eitthvað nýtt hér inni. Hér er allt handgert og íslenskt og aðallega eigin framleiðsla kvennanna. Sami kjarni listakvenna hefur haldist árum saman. Þrjár úr hópnum hafa verið hér frá upphafi og fjórar í 20 ár. Öðru hvoru koma svo nýjar inn,“ segir Ólöf.

Afar góður andi sé í húsinu sem var byggt árið 1882 og hýsti verslunarrekstur.

„Björn Kristjánsson stofnaði verslun hér árið 1888 og uppi á vegg höfum við mynd af honum, sem verndara Kirsuberjatrésins,“ segir Ólöf. „Húsið er friðað að utan og innréttingarnar eru margar í kringum hundrað ára gamlar. Ef við höfum bætt við hillum höfum við gert það í sama anda og það sem fyrir er,“ segir Ólöf.

Afmælisfagnaðurinn hefst klukkan 17.



Listakonurnar í Kirsuberjatrénu bjóða til afmælisfögnuðar í dag að Vesturgötu 4.



Ýmissa grasa kennir í Kirsuberjatrénu en þar selja listakonurnar eigin hönnun og framleiðslu.



# Gólfefni

FÖSTUDAGUR 27. APRÍL 2018

**Kynningar:** Egill Árnason, Birgisson, Harðviðarval



## Vatnshelt harðparket endist lengur

Fyrirtækið Egill Árnason ehf. hefur selt gólfefni í rúmlega 80 ár og býður upp á vandaðar vörur frá reyndum framleiðendum. Nýjasta varan er vatnshelt harðparket, sem endist mun lengur en hefðbundið. →2

Hjá Agli Árnasyni ehf. er hægt að fá mjög vandað og vatnshelt harðparket. MYND/EYÞÓR



Hjá Agli Árnasyni ehf. er hægt að fá vönduð gólfefni fyrir allar aðstæður. MYNDIR/EYÞÓR

**Framhald af forsíðu ➪**

Fyrirtækið Egill Árnason ehf. hefur starfað í 84 ár, frá árinu 1934. Það selur gólfefni, parket, flísar, hurðir og þiljur fyrir loft. Þjónusta hefur í fjölmörg ár verið eitt af aðalsmerkjum fyrirtækisins og það sem skilur það frá samkeppnisaðilum sínum. Starfsmenn fyrirtækisins leggja allt í að veita framúrskarandi þjónustu og fyrirtækið hefur kynnt fjölmargar nýjungar í bæði vörum og þjónustu í gegnum árin, en sú allra nýjasta er vatnshelt harðparket.

„Allir birgjarnir okkar hafa mikla reynslu á markaðnum og bjóða upp á mjög vandaðar vörur,“ segir Auðunn Ingi Ragnarsson sölumaður. „Nokkrir framleiðendurnir eru sívinsælir, eins og Pergo og danska Junckers viðarparketið, sem hefur lengi reynst mjög vel hér á landi. Svo seljum við líka flísar frá Apavisa og Ragno, sem njóta mikilla vinsælda, sem og ýmis önnur vönduð merki.

Ein vinsælasta varan okkar er hið sígilda Pergo harðparket, sem hentar við margar ólíkar aðstæður, bæði í heimahúsum, verslunum, hótelum og veitingahúsum,“ segir Auðunn. „Það má í rauninni segja að Pergo hafi fundið upp harðparketið og komið því á markaðinn. Pergo parketið er framleitt í Svíþjóð og er einhver vandaðasta og umhverfisvænasta framleiðsla á parketmarkaðnum.“

## Haka í öll boxin

„Það eru nokkur atriði sem við bendum fólki alltaf á að hafa í huga þegar það velur sér harðparket og þetta eru allt þættir sem Pergo passar vel upp á,“ segir Auðunn. „Við bendum til dæmis á að skoða pressunina í efninu sjálfu. Þú vilt hafa mikla pressun. Því meiri pressun, því sterkara efni og þá þolir það þyngri högg og meira gönguálag.

Við bendum líka á að skoða áferðina á efninu. Að filman á yfirborðinu fylgi æðunum í efninu, þannig að þetta sé sem raunverulegast,“ segir Auðunn. „Svo viljum við að fólk athugi að það séu góðir lásar á parketinu, það skiptir miklu máli að lásarnir sem smella fjölunum saman séu sterkbyggðir. Því stærri og sterkari lásar, því minni líkur á að efnið fari að gliðna. Pergo vaxber lásana líka, þannig að það eru minni líkur á að það braki í efninu ef undirgólfið er ekki alveg rennislétt.“

## Raki skemmir hraðast

„Í nýjustu línunni sinni kom Pergo líka með þá nýjung að framleiða harðparket sem er með vatnsheldu yfirborði,“ segir Auðunn. „Þetta er svona nýjasta framförin í harðparketi í dag og það eru ekki margir framleiðendur sem bjóða upp á vatnshelt parket. Í rauninni gætirðu misst vatnsglas niður á þetta parket án þess að það hefði nokkur áhrif á parketið.

Hugmyndin á bak við þessa nýjung kom þegar Pergo fór að kanna hvað það er sem skemmist fyrst á harðparketi,“ segir Auðunn. „Niðurstaðan var að það sem skemmist fyrst eru samskeytin á milli fjala og það má í rauninni segja að það séu bara rakaskemmdir. En með því að láta yfirborðsfilmuna ná alveg niður í botninn og loka þessu komust þeir fyrir þetta vandamál. Þannig lengirðu líftíma parketsins umtalsvert.

Fyrir utan vatnshelda parketið bjóðum við líka aðra nýja tegund parkets, sem er vínylparket,“ segir Auðunn. „Vinsældir þess hafa aukist hægt og rólega.“

## Fjölbreytt þjónusta

Egill Árnason býður upp á ýmiss konar þjónustu. Þar má nefna útkallsþjónustu sem er í boði fyrir stóra viðskiptavini, verktaka og arkitekta, stóran lager í versluninni með miklu úrvali, tilboðsútreikninga og ráðgjöf, lán á efni svo að fólk geti séð hvernig það kemur út heima fyrir, heimsendingu á vörum gegn vægu gjaldi, móttöku og endurgreiðslu á ónotuðu efni og margt fleira.

„Við getum svo líka bent fólki á iðnaðarmenn sem við þekkjum til og höfum góða reynslu af, þannig að það er ekkert mál að kíkja til okkar til að fá ráðleggingar og nafnspjöld,“ segir Auðunn.


Auðunn segir að harðparketið frá Pergo uppfylli allar gæðakröfur.


Í verslun Egils Árnasonar ehf. er hægt að skoða mikið úrval gæðagólfefna.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is



Hér má sjá hvernig inngangurinn leit út fyrir framkvæmd.



Og hér frá sama sjónarhorni eftir framkvæmdina.

# Snuddast með bitlausa málmsög

Filippía Þóra Guðbrandsdóttir tekur á móti sælum sumardögum í gullfallegum inngangi sem hún hefur breytt og nostrað við til að gera sem huggulegastan.



Stiklurnar setja hlýlegt yfirbragð á innganginn hjá Filippíu þar sem notalegt er að setjast niður í blíðviðri sumarsins innan um fallegar jurtir og steina.



**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is

Ég keypti þessa íbúð í september síðastliðið haust og fannst aðkoman alls ekki nógu aðlaðandi,“ segir Filippía Þóra Guðbrandsdóttir, geislafræðingur og skrautritari, sem standsetti nýlega tröppur og inngang að íbúð sinni á Högunum í Vesturbæ Reykjavíkur.

„Að mínu mati gefur það fyrsta sem maður sér til kynna hvað síðan tekur við. Áður hafði ég málað alla íbúðina og einnig forstofuna sem var orðin verulega sjúskuð og þoldi vel smá yfirhalningu,“ segir Filippía.

Það sama mátti segja um útitröppurnar og aðkomu að innganginum hjá Filippíu.

„Ég leitaði því ráða í Facebook-hópnum Skreytum hús og setti inn mynd af innganginum eins og hann leit út. Viðbrögðin komu mér á óvart. Allir sem brugðust við innlegginu deildu góðum hugmyndum og að þeim fengnum byrjaði ég að mála útiveggina,“ útskýrir Filippía.

## Alsæl með útkomuna

Filippía fór því næst í IKEA eftir svokölluðum stiklum, en það er gólfklæðning úr timburflísum sem er falleg lausn til að hressa upp á verönd eða svalir.

„Ég hafði líka séð stiklur í BYKO en verðið í IKEA var hagstæðara,“ upplýsir Filippía sem tók eina helgi í gólflögnina.

„Þótt þetta hafi verið frekar lítið svæði viðurkenni ég að ég varð bæði aum í baki og öll í smáskurðum eftir baslið við að sníða stiklurnar að útihurðinni, en það var í raun eina snuddið. Ég get svo sjálfri mér um kennt því sögin sem ég notaði var bitlaus málmsög, veigalítil og vonlaus í þetta,“ segir hún og brosir.

Eftir dásamlegt sumar verða stiklurnar settar í geymslu á vetri komanda.

„Undir þeim er plastgrind þannig að þær liggja aldrei ofan á steyptu gólfinu heldur flýtur rigningarvatn óhindrað niður í niðurfallið sem er þarna hjá mér. Ég mun taka þær af yfir veturinn því það er jafn auðvelt að fjarlægja þær og var að setja þær saman. Festingar á plastgrindinni undir smella saman og þetta er eins þægilegt og hægt er að hafa það,“ segir Filippía kát.

Munurinn er sannarlega ótrúlegur og inngangurinn hjá Filippíu einkar sumarlegur og flottur.

„Þetta getur ekki verið betra dæmi um „fyrir og eftir“ að mínu mati og ég er alsæl með útkomuna.“



Filippía Þóra Guðbrandsdóttir geislafræðingur. MYNDIR/ERNIR

Alla miðvikudaga í Fréttablaðinu

FÓLK – HEIMILIÐ

Alla miðvikudaga í Fréttablaðinu – Þar er meðal annars fjallað um hönnun, húsgögn, garðinn, geymslulausnir, heimilis og raftæki tæki, listmunir svo fátt eitt sé nefnt.

Boðið upp er upp á áhugaverðar greinar og viðtöl við fólk sem hefur yndi af því að fegra heimilið og segir frá sniðugum og snjöllum lausnum.




Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512-5402
eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Egill Árnason™
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 595 0500
www.egillarnason.is


PERGO®
100% vatnshelt með Aquaseal.
Pressuð fösun og náttúrulegri
áferð en áður.
HARÐPARKET
NÝ HEIMASÍÐA
KOMIN Í LOFTIÐ
WWW.EGILLARNASON.IS
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18 og lau kl. 11–15





# Flísarnar stækka og njóta meiri vinsælda



Örar tæknibreytingar gera það að verkum að möguleikum í framleiðslu gólfflísa hefur fjölgað til muna. Hjá Birgisson er grannt fylgst með þróuninni og boðið upp á það allra nýjasta í gólfefnum.

Segja má að flísaframleiðslan fylgi svolítið eftir framþróun í ljósmyndatækni. Eftir því sem ljósmyndatækninni fleygir fram, þeim mun meiri möguleikar eru í gerð flísa,“ segir Birgir Þórarinsson, forstjóri Birgisson ehf., og tekur fram að með þessum tæknibreytingum hafi til dæmis flísar með marmaramunstri orðið sífellt vinsælli. „Marmarinn sjálfur er ekkert hentugur sem gólfefni, hann dregur svo mikið í sig, en flísarnar eru alveg lokaðar og munstrið er ekki lengur aðeins prentað á því það fer alveg í gegnum flísarnar.“

Spurður nánar út í þessar tæknibreytingar nefnir Birgir að þegar upplausnin hækkar er hægt að framleiða mynstur á miklu betri hátt. „Þannig eiga framleiðslufyrirtækin auðveldara með að líkja eftir náttúrunni og það hefur orðið til þess að sala á flísum hefur aukist á kostnað náttúrusteinsins. Tækninni hefur fleygt fram og flísarnar margar hverjar orðnar eins og sandsteinn eða marmari. Fagmaður sér kannski muninn en leikmaður alls ekki. Svo eru þær mun ódýrari og auðveldari í þrifum.“

Auk flísa með marmaramunstri segist Birgir taka eftir öðru sem vaxið hafi í vinsældum, nefnilega því að flísarnar séu að stækka. „Nú er mjög algengt að við séum að selja gólfflísar sem eru 80x80 cm og svo sjáum við viðskiptavini taka allt að 240x120 cm flísar fyrir baðherbergi sín. Jafnframt sjáum við að notkunin er að breytast því fólk er farið að setja flísar á eldhúsbekki. Það kemur til vegna þess að hægt er að fá svo stórar flísar í dag, alveg út í það að vera 160x320 cm og þær eru til í þremur þykktum, þ.e. sex, tólf og tuttugu millimetrum.“

Birgir tekur fram að Birgisson sé í samstarfi við ítalska flísaframleiðandann Florim sem sé leiðandi í þessari tæknibylgju, þ.e. í stærri flísum og náttúrulegra útliti en áður hefur þekkst.

## Sérþekking starfsmanna og verktaka

Birgir hefur meira en þrjátíu ára reynslu af innflutningi og sölu gólfefna og segist á farsælum ferli hafa komist í kynni við þekkta og virta framleiðendur sem allir séu leiðandi á sínu sviði, þ.e. hvort sem um er að ræða flísar, harðparket eða parket. Fyrirtækin séu öll í fararbroddi. „Við erum þess vegna með allt það nýjasta sem er í gangi hverju sinni og reynum að fylgjast vel með því sem er að gerast. Við erum því oft fyrstir með nýjungar, bæði hvað varðar útlit og tækni í framleiðslu gólfefna.“ Auk þess bendir Birgir á að starfsmenn hans hafi flestir starfað hjá Birgisson í langan tíma og hafi gríðarlega mikla reynslu og þekkingu á gólfefnum auk þess sem þeir séu lunknir við að leysa þau vandamál sem fólk ber á borð fyrir þá.

Hjá Birgisson er ekki aðeins lögð áhersla á þekkingu starfsmanna því þeir verktakar sem taka að sér að leggja gólfefnin verða einnig að kunna til verka. „Við verðum að þekkja þá sem við mælum með og vita að það eru menn sem hafa þekkingu og vinna gott verk, það skiptir höfuðmáli,“ segir Birgir. „Sem stendur erum við með tólf fagmenn á námskeiði úti í Þýskalandi þar sem þeir fá upplýsingar um allra nýjustu tækni við að leggja flísar í votrými. Þeir fá kennslu í þeirri tækni og fræðslu um allar þær nýjungar sem við bjóðum upp á.“

Án þess að hann vilji fara ítarlega út í það nefnir Birgir í framhjáhlaupi að tæknibreytingarnar séu víðar en í flísum. Þannig geti viðskiptavinir Birgisson átt von á nýjung í parketi í haust. „Þetta er nýjung sem ekki er komin á markað en er í farvatninu. Hún gjörbreytir stöðunni hvað parket varðar því þetta er miklu sterkara og höggheldara parket en það sem fólk á að venjast. Við erum komnir með fyrstu prufur og þær sýna fram á að það stenst allt sem okkur var sagt um þessa tækninýjung.“





Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum
Finndu okkur
á facebook
Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is



EIK VISTA


VÖNDUÐ &
VISTVÆN VIÐARGÓLF
KÄHRS PARKET BORÐLEGGJANDI GÆÐI
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



Kátir nemendur með kennara sínum, Hallgrími Stefáni Ingólfssyni. MYNDIR/HILMAR FRIÐJÓNSSON

# Frumlegar þrívíddarmyndir á skólagólfi

Nemendur á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri hafa síðustu ár teiknað eina þrívíddarmynd á önn á gólf skólans. Myndirnar eru af ýmsum gerðum en vekja alltaf mikla athygli.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Þrívíddargólfefni getur svo sannarlega sett skemmtilegan svip á rýmið, hvort sem um er að ræða heimili, vinnustaði eða stærri rými á borð við verslunarmiðstöðvar og stórfyrirtæki. Vafalaust eiga landsmenn eftir að sjá fleiri slík gólf á næstu árum en enn sem komið er eru þau afar sjaldgæf hér á landi.

Undanfarin ár hafa nemendur í þrívíddaráfanga, sem kenndur er á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA), unnið saman að einu þrívíddarverkefni á önn sem sýnt er í lok hverrar annar ásamt öðrum verkefnum listnema skólans.

Á haustönn 2015 var verkefni nemenda heitur pottur sem teiknaður var á gólf við norðurinngang skólans. Hallgrímur Stefán Ingólfsson listgreinakennari kennir nemendum þrívíddaráfangann og hefur haft umsjón með þessum verkefnum undanfarin ár. „Þetta verkefni á hverri önn er eitt margra sem nemendur í faginu taka sér fyrir hendur yfir önnina. Ferlið fer þannig fram að hver nemandi kemur með skissu af eigin hugmynd og svo kýs hópurinn hvaða verk verður teiknað á gólfið en það er bara pláss fyrir eitt verk á önn. Flísarnar á gólfinu eru ferningslaga og bjóða upp á að hægt sé að leika sér með þær.“



Vinnan sjálf tekur bara nokkrar klukkustundir.

Þekjulitir eru notaðir til að teikna þrívíddarmyndirnar þannig að auðvelt er að þvo þær af þegar sýningu listnema lýkur. Vinnan sjálf tekur bara nokkra klukkutíma að sögn Hallgríms og gekk vel í þetta skiptið. „Því miður reyndist ekki unnt að mála verk í lok síðustu annar en við stefnum ótrauð á að gera þetta að föstum lið í lok áfanga.“

# Hágæða harðparket frá Quick-Step

**Harðviðarval hefur frá stofnun árið 1978 boðið upp á breitt úrval gólfefna og aðstoðað fólk við val á þeim í fjölbreytt verkefni. Aron Ágústsson sölumaður segir Quick-Step harðparketið njóta mestra vinsælda.**


Aron Ágústsson, sölumaður hjá Harðviðarvali, segir harðparket njóta vinsælda. MYNDIR/STEFÁN

Viðamiklar breytingar hafa staðið yfir á sýningarsal okkar, viðskiptavinum til hagsbóta. Hæst ber að nefna nýja viðbót við flísaúrval okkar frá ítalska framleiðandanum Marazzi en einnig höfum við aukið úrvalið af vínylparketi. Það gólfefni sem hefur þó notið hvað mestra vinsælda síðastliðin ár hjá okkur er Quick-Step harðparket,“ segir Aron Ágústsson, sölumaður hjá Harðviðarvali.

„Við höfum selt harðparket frá belgíska hágæðaframleiðandanum Quick-Step í um 20 ár og hefur það skipað sér sess sem eitt þekktasta harðparketvörumerkið á markaðnum. Quick-Step harðparketið er ein af ástæðum þess að talað er um harðparket en ekki plastparket í dag. Það er vegna þess hve eðlilegt og gæðamikið það er og þolir mikið álag. Quick-Step hefur verið leiðandi í þróun harðparkets frá upphafi og árið 2014 kynnti fyrirtækið línu með 100% vatnsheldum köntum og yfirborði sem ekki hafði þekkst áður. Í dag eru línurnar þrjár sem hafa þessa eiginleika,“ segir Aron.

„Þar sem fáir framleiðendur harðparkets bjóða upp á vatnshelt yfirborð spyr fólk okkur gjarnan hvort yfirleitt sé þörf á vatnsheldu yfirborði. Stutta svarið er já. Skemmdir og bólgur í samskeytum af völdum vatns eru ein helsta ástæða þess að harðparket verður ónýtt. Með þessari línu getur fólk verið áhyggjulaust með parket í eldhúsi, forstofu og meira að segja baðherbergi en Quick-Step ábyrgist 10 ára notkun á baðherbergjum.“



Harðviðarval selur meðal annars hágæða parket frá Quick-Step


Harðparket frá Quick-Step má nota í eldhúsi og baðherbergjum.


Viðskiptavinir fá faglegar ráðleggingar um val á gólfefnum hjá starfsfólki. „Við lánum heim heila pakka ef fólk vill skoða gólfefnið betur í réttu umhverfi.“

### Þegar velja á harðparket

Þó að vatnsheldni skipti miklu máli eru nokkur atriði sem við bendum fólki á að skoða við val á harðparketi,“ segir Aron „Að yfirborðið sé með mattri og eðlilegri viðaráferð og að yfirborðsslitfilma sé ofan í brúnina á köntum parketsins en við það fæst fallegra, vatnsþolnara og eðlilegra útlit. Slitfilma ofan í kanta lengir endingu efnisins til muna en algengt er að kantar harðparkets séu málaðir og er þá greiðari leið fyrir vatn eða önnur óhreinindi ofan í samskeyti og parketið slitnar mun fyrr á köntum. Þetta á ekki við um Quick-Step harðparketið.

Pressan í kjarna efnisins getur verið misjöfn og það skiptir máli að hún sé mikill. Því meiri sem hún er, því meira er höggþol efnisins og heildarstyrkur. Læsingar á efninu þurfa einnig að vera stórar og öflugar til að koma í veg fyrir gliðnun á lásum. Ef fólk skoðar alla eiginleika Quick-Step harðparketsins eru fá efni sem toppa það. Til gamans má geta að við erum með Quick-Step harðparket á stórum hluta í sýningarsalnum okkar þar sem gríðarlegt álag er á gólfinu frá blautum skóm, sandi, steinum og fleiru, og sér ekki á gólfinu í versluninni,“ segir Aron.

„Við hjá Harðviðarvali tökum vel á móti fólki og leggjum okkur fram við að aðstoða við val á gólfefnum, lánum út stórar prufur, bæklinga og gerum verðtilboð. Við lánum jafnvel út heila pakka ef fólk vill skoða gólfefnið betur í réttu ljósi og umhverfi. Einnig eigum við fjölbreytt úrval fylgihluta. Þar ber helst að nefna breitt úrval af hvítum og samlitum gólflistum sem og hljóðeinangrandi undirlag fyrir mismunandi kröfur. Við bendum fólki á að skoða kosti Quick-Step harðparketsins því mikill gæðamunur getur verið á milli harðparketframleiðenda.“



Mikið úrval af hágæða gólfefnum er að finna í sýningarsal Harðviðarvals. Salurinn er að stórum hluta lagður harðparketi frá Quick-Step.




Krókhálsi 4
110 Reykjavík

Sími 567 1010
www.parket.is

Opnunartímar: mán - fös kl. 9 – 18
og lau kl. 11 – 15



## Eik
## Impressive

Vatnshelt harðparket
með Hydra Seal.

Meiri pressun í millikjarna og
100% lokuð fösun á milli borða.

25 ára ábyrgð.

Allt að 10 sinnum meira
rispuþol en áður.

HARÐVIÐARVAL



Ljós parketgólf hafa verið vinsæl undanfarið.

# Það er hægt að mála parketið






**Þröstur Ingvarsson, sölustjóri hjá Slippfélaginu, segir að vel megi mála eldra parket en vanda þurfi til verka. Í tísku er um þessar mundir að mála með þekjandi litum yfir parketið.**


Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is




Þröstur segir að það þurfi að þrífa parketið mjög vel og leysa upp allt bón ef á að bera á það aftur. Það er gert með sérstökum efnum eins og bónleysi eða málningarsápum. Allan gljáandi flöt þarf að slípa með juðara og það er nokkuð mikil vinna. Ef mála á með þekjandi málningu þarf að slípa parketið fyrst upp með slípivélum en slíkar vélar er hægt að leiga hjá stærstu byggingavöruverslunum.

„Við finnum fyrir því hjá Slippfélaginu að það er áhugi fyrir því að mála eldra parket, lýsa það upp, mála það hvítt eða í dökkum litum. Það geta flestir gert þetta sjálfir en við bendum þó fólki á fagmenn því mikilvægt er að þetta sé vel gert. Ef málningin fer að flagna vegna ónægrar undirvinnu verður gólfið fljótt ljótt.“

## Misjafn smekkur

Þegar Þröstur er spurður hvort það sé ekki synd að mála yfir parket sem búið er að slípa upp og gera fínt, játar hann því. „Mín skoðun er sú að fallegast sé að hafa viðarlit á parketinu en ég veit auðvitað hvernig tískan er,“ svarar hann. „Þegar búið er að slípa gólfið er hægt að bera á það matt eða glært lakk og þá verður það eins og nýtt. Ef maður vill hins vegar fá til dæmis gráan lit á gólfið þarf að grunna það eftir að það hefur verið slípað og síðan mála það. Það er hægt að fá þessa málningu í öllum litum og það er auðvitað bara smekkur hvers og eins hvernig hann vill hafa gólfið á heimili sínu.“



Þröstur Ingvarsson, sölustjóri hjá Slippfélaginu. MYND/EYÞÓR

Þröstur segir að þetta eigi ekki við um sumarbústaði. Þar vilji fólk halda í viðarlitinn og lakki einungis yfir hann. „Það er reyndar mjög mikill málningaráhugi um þessar mundir. Mjög margir eru að breyta litum á heimilinu. Gráir tónar hafa verið vinsælir en núna finnst mér þetta vera öll flóran. Það er mikið beðið um græna liti, dökkrauða og bláa. Við segjum gjarnan að málning sé ódýr leið til að gera hreint og fínt í kringum sig.“

## Svalagólfið þarf líka málningu

Þar sem vorverkin nálgast var Þröstur spurður hvort nú væri ekki tími til að mála svalagólfið. „Við mælum með því frá því í maí og fram í september. Það þarf að vera vel þurrt en fyrst þarf að þrífa svalagólfið mjög vel. Alla gamla málningu þarf að skafa burt og fituhreinsa með góðri sápu. Mengun sest á svalagólf og því mjög mikilvægt að þrífa það vel og vandlega,“ segir Þröstur og þá er bara best að hefjast handa og þrífa fyrir sumarið.

PARKET & GÓLF
- gerir hús að heimili




Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.pog.is



## Þrívíddarprentað gólfmunstur

Hollenska hönnunarfyrirtækið Aectuel hefur þróað nýja aðferð við að leggja terrazzo-gólf. Fyrirtækið notar þrívíddarprentara til þess að prenta upphleypt munstur á gólfflötinn sem síðan eru fyllt með terrazzo.

„Möguleikarnir eru óþrjótandi og veita hönnuðum algjört frelsi,“ sagði Hans Vermeulen, framkvæmdastjóri Aectuel, við hönnunartímaritið Dezeen. „Með þessari aðferð má búa til stórbrotin og skrautleg gólf til dæmis í hótelmóttöku eða verslunarhúsnæði.“



Aectuel er hliðarverkefni Vermeulen og tveggja hönnuða arkitektastofunnar DUS sem vinnur að því að þrívíddarprenta hús í Amsterdam. Vermeulen og félagar hafa þegar þrívíddarprentað terazzo-gólf í verslunarmiðstöð í Tókýó og vinna einnig að því að prenta gólf í Schiphol-flugstöðinni.



Tölvustýrður armur prentar munstur úr lífrænu „plasti“ sem búið er til úr plöntum. Munstrið er síðan flutt á áfangastað og lagt á gólfið. Þá er terrazzo, sem búið er til úr endurunnu graníti og marmara og lífrænu bindiefni, hellt ofan í og loks pólerað vandlega yfir.

Aectuel fullyrða að gólfið sé slitsterkt. Það sé einnig umhverfisvænni lausn á gólfefni en margar aðrar þar sem efnin sem notuð eru í gólfið eru bæði lífræn og endurvinnanleg.

*www.dezeen.com*



## Ráð gegn blettum á bílskúrsgólfum og innkeyrslum

Það er algengt að alls kyns blettir komi á bílskúrsgólf og innkeyrslur eftir mótorolíu, bensín, gírvökva og fleira. Þessir blettir geta verið erfiðir viðureignar, en sem betur fer eru til góð ráð gegn þeim.

Það þarf mismunandi aðferðir til að vinna á olíkum blettum á ólíku yfirborði, en það er alltaf best að þrífa blettinn áður en hann þornar, ef það er hægt.

Það er gott að hylja blauta olíubletti í innkeyrslunni með kattasandi, matarsóda eða öðru rakadrægu efni til að þurrka þá upp. Þegar bletturinn er orðinn þurr er gott að bleyta upp í honum með vatni og skrúbba hann með stífum bursta og blöndu af matarsóda og vatni. Svo þarf að smúla innkeyrsluna.

Steinsteypt bílskúrsgólf eru yfirleitt sterkari en innkeyrslur og það er hægt að ná flestum olíublettum af þeim með því bleyta upp í blettinum með smurefni og þvo svo og skola með sápu og vatni.

Sumir nota ofnahreinsi til að þrífa bletti, sérstaklega af ljósri steinsteypu. Þá er gott að láta hann liggja á í 10 mínútur, skrúbba blettinn með stífum bursta og skola svo með miklum krafti. Ef það virkar ekki er hægt að endurtaka leikinn.



MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu

FRÉTTABLAÐIÐ.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP


NÝTT
NIVEA SUN
UV FACE
ANTI-AGE & ANTI-PIGMENTS
0% WHITE RESIDUE*
50 HIGH UVA UVB
Immediate sun protection
Protects against wrinkles and pigment spots
*on the skin
ÖFLUG
SÓLARVÖRN
FYRIR ANDLIT

# Bankamaður gerist vínbóndi

**Eftir nær tvo áratugi í fjármálageiranum erlendis ákvað Höskuldur Hauksson að breyta algjörlega um stefnu í lífinu og gerast vínbóndi. Hann býr í Sviss þar sem hann ræktar þrúgur og framleiðir léttvín undir vörumerkinu Hauksson Weine.**



Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is


Eftir að hafa starfað í fjármálageiranum, að mestu leyti erlendis, í nær tvo áratugi ákvað Höskuldur Hauksson að gerast bóndi og vingerðarmaður í fullu starfi. Hann hefur komið sér vel fyrir, ásamt fjölskyldu sinni, í Hünenberg See í Sviss þar sem hann ræktar þrúgur og framleiðir hvítvín og rauðvín undir vörumerkinu Hauksson Weine.

Hann segir þann draum lengi hafa blundað í sér að fara út í vínrækt. „Ég hef framleitt vín í frítíma mínum síðan 2013 og hugsaði alltaf um vínræktina sem eitthvað sem ég myndi dunda mér við þegar ég færi á eftirlaun. En einhvern veginn gerðust hlutirnir mun hraðar. Mér bauðst að taka yfir eitt býli í byrjun síðasta árs og þá ákvað ég að láta slag standa og fór yfir í vínrækt sem fullt starf.“

Hann segir einhverja frumþörf fyrir að draga björg í bú drífa sig áfram. „Ég stunda líka skotveiðar í Sviss og það er alltaf alveg sérstök og einföld ánægja sem kemur af því að geta boðið fjölskyldu og vinum upp á mat og drykk sem maður hefur sjálfur sótt út í náttúruna. Ég hefði hins vegar alveg eins getað orðið ostagerðarmaður.“

## Stefnir á lífræna ræktun

Upphaflega tók Höskuldur yfir eina litla ekru árið 2015. Hún er í þorpinu Gordemo í Tessin, ítalska hluta Sviss sem er sunnan Alpanna. „Þar er ég með Merlot-þrúgur í snarbrattri brekku mót suðri. Jarðvegurinn er í raun bara granítruðningur og klettar með smá moldarlagi ofan á.“

Árið 2017 gafst honum færi á að taka yfir stærra býli í Aargau í norðurhluta Sviss. „Næsta vor mun ég svo taka yfir annað býli á svipuðum slóðum og verð þá kominn með tæpa sex hektara og 40.000 flöskur á ári. Yfir helmingur af því landi er með Pinot Noir-þrúgum og restin er blanda af hvítum og rauðum þrúgum. Jarðvegurinn þar er leirkenndur með mikið af kalksteini og ekrurnar eru allar í hlíðum sem liggja mót suðri.“

Í ár er Höskuldur að hefja breytingarferli yfir í lífræna bíódýnamíska ræktun en ferlið tekur þrjú ár að hans sögn. „Það skiptir miklu máli að bera virðingu fyrir landinu og að vinna í samvinnu við öfl náttúrunnar. Við erum sannfærð um að besta leiðin til þess að búa til vín sem endurspegla heimaslóðirnar sé að vinna það á lífrænan hátt. Helsti munurinn á lífrænni og hefðbundinni ræktun er sá að maður reynir að búa til vistkerfi á ekrunni sem er í góðu jafnvægi þannig að það þurfi töluvert minna af eiturefnum til að halda skordýrum frá og sveppasýkingum niðri. Ég geri mér líka vonir um að það hafi jákvæð áhrif á gæði vínsins.“

## Ólíkir heimar

Aðspurður hvort reynsla hans úr fjármálaumhverfinu komi að góðum notum við vínrækt segir hann að reynsla sín af því að byggja upp og reka fyrirtæki komi sér vissulega vel. „En það er ekkert sérstakt við fjármálageirann sem tengist vínrækt, þannig séð. Ég hefði alveg getað fengið sömu reynslu með því að reka bakarí.“

Fjármálaheimurinn og vínræktin eru eðlilega tveir ólíkir heimar að mörgu leyti. „Afurðin sem maður býr til á skrifstofunni er miklu meira abstrakt og sýnir sig bara í tölum og pappírum. Það er einhvern veginn miklu skemmtilegra að getað haldið á afurðinni í höndunum að loknu góðu ári, geta fundið lyktina og bragðað á henni þegar ferlinu er lokið. Ekki síður er eitthvað sérstakt við að finna fyrir sólinni á bakinu og svitanum á enninu úti á akrinum. Ég hef aldrei séð eftir þessari ákvörðun minni, þetta ferli er allt búið að vera alveg meiriháttar skemmtilegt.“



„Ég hef aldrei séð eftir þessari ákvörðun minni, þetta ferli er allt búið að vera alveg meiriháttar skemmtilegt,“ segir Höskuldur Hauksson vínbóndi. MYND/STEFÁN




Næsta vor tekur Höskuldur yfir býli á svipuðum slóðum og verður þá með framleiðslugetu upp á 40.000 flöskur.



Höskuldur segir gott að finna fyrir sólinni á bakinu og svitanum á enninu úti á akrinum.

## Næg verkefni fram undan

Verkefnin eru næg á næstunni hjá vínbóndanum unga. Utan fyrrnefndra breytinga yfir í lífræna ræktun nefnir hann samhæfingu vinnuferla yfir mismunandi ekrur og svo að koma markaðssetningu á vínunum almennilega í gang. „Eins erum við að breyta töluvert um þrúgutegundir. Við erum með samtals fimmtán tegundir sem er allt of mikið. Mig langar að einfalda þetta og komast niður í 5-6 tegundir en þar væru í fararbroddi Pinot Noir, Merlot, Riesling og Chardonnay.“

## Er á heimavelli

Það fer vel um Höskuld í Sviss þar sem hann býr með svissneskri eiginkonu sinni og tveimur sonum þeirra sem eru tólf og fimmtán ára. „Við bjuggum í eitt og hálft ár á Íslandi frá 2007 en við misstum af partíinu og komum bara í uppvaskið. Því fórum við aftur út til Sviss í lok árs 2008. Við kunnum mjög vel við okkur í Sviss og erum hér á heimavelli.“

Áhugasamir geta nálgast sýnishorn af framleiðslunni með árlegri áskrift í gegnum vínklúbb Hauksson Weine (www.hauksson-wine.com). „Þetta er hagkvæm og þægileg lausn án milliliða. Einnig verðum við með vínsmakk á vínbarnum Port 9, Veghúsastíg 7-9 í Reykjavík, á milli kl. 14 og 16 í dag, föstudag, og á morgun, laugardag.“


FYRIR ÞARMAFLÓRUNA!




Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

Probi Mage LP299V® (Lactobacillus plantarum 299v) er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hylki á dag.

Finndu muninn með Probi Mage LP299V®.
Fæst í apótekum og heilsuverslunum, í Melabúðinni, Hagkaup og Fræinu, Fjarðarkaupum auk valdra útsölustaða um land allt.

abel heilsuvörur



SUMARYFIRHAFNIR Í ÚRVALI

SUMARFRAKKAR frá kr. 18.900 - FISLÉTTIR DÚNJAKKAR frá kr. 19.900






Skoðið laxdal.is/yfirhafnir

BERNHARD LAXDAL

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Keypt & Selt

## Til sölu





HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677


## Óskast keypt


**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**


# Heilsa

## Nudd





**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is


# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Mjög yndisleg og falleg 2ja herb. íbúð til sölu Ferjuvað 11 íb. 102, 110 RVK, íbúðin er laus til afhendingar. Áhugasamir hafi samband við Búmenn í s:552-5644.

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun


KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com


# Atvinna

## Atvinna í boði

Gistiheimili í Reykjavík óskar eftir starfskrafti yfir 40 ára í þrif. Umsóknir sendist smaar@frettabladid.is merkt: Gistiheimili

Heildsala í Reykjavík óskar eftir skólafólki í sumarvinnu. Umsóknir sendist smaar@frettabladid.is merkt: Heildsala

## Atvinna óskast


**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





## Fasteignir








**OPIÐ HÚS Á SUNNUDAGINN FRÁ KL.14:00-15:00**

Raðhús án bílskúrs í nýbyggingum í Dalshverfi Reykjanesbæ.
Vandaðar eignir, fullbúnar að innan sem utan

3ja herbergja íbúð 104m² - Verð kr. 37.900.000.-
4ra herbegja íbúð 117m² - Verð kr. 42.900.000.-

Eignasala.is
LS S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is
Júlíus M Steinþórsson Lögg. fasteigna, fyrirtækja og skipasali


## Skemmtanir






## Tilboð


Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

BÓNUS · FJÖRÐUR · Samkaup · bóksala stúdenta

SMÁRALIND · Kringlan · N1 · nettó · olís · Háma






FRÉTTABLAÐIÐ

mest lesna dagblað landsins.

## Merkisatburðir

**1977** Önnur goshrina Kröfluelda hefst og varir í þrjá daga.

**1978** Daoud Khan, forseti Afganistans, myrtur í valdaráni hersins. Afganska borgarastyrjöldin hófst í kjölfarið.

**1992** Stuttmyndadagar í Reykjavík haldnir í fyrsta skipti á Hótel Borg.

**1993** Allir liðsmenn karlalandsliðs Sambíu í knattspyrnu farast þegar flugvél þeirra hrapar við Libreville í Gabon á leið til Dakar.

**2001** 17 láta lífið þegar herlögregla skýtur á mótmælendur í Kabylie í Alsír.

**2005** Airbus A380, stærsta farþegaþota heims til þessa, fer í sitt fyrsta reynsluflug frá Toulouse í Frakklandi.



Móðir mín, tengdamóðir,
amma, dóttir og systir,
**Emilía Ágústsdóttir**
er látin.
Útför hennar fór fram í kyrrþey.

**Guðbjörg Yuriko Ogino**
**Emiko Erla**
**Aron Jörgen Auðunsson**
**Erik Árni Ogino**
**Bogi Ágústsson, Grétar Karlsson, Brynjar Bergþórsson**



Okkar ástkæri
**Jakob Ingvar Magnússon**
lést af slysförum föstudaginn 20. apríl.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í
Reykjavík mánudaginn 30. apríl kl. 13.00.

**Bryndís Ósk Sigfúsdóttir**
**Ásta Erla Jakobsdóttir**
**Þorbjörn Steingrímsson**
**Alda Sóley Þorbjarnardóttir**



Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,
**Lovísa Vattnes Sólveigardóttir**
lést þann 26. mars sl. á Spáni.
Jarðarförin hefur farið fram.
Fjölskyldan þakkar veitta samúð
og hlýhug.

**Kristján Kakali Vattnes Ingólfsson**
**Sveinn Sær Vattnes Ingólfsson**
**Sólveig Vattnes Kristjánsdóttir**
**Elísabet Vattnes Sigurbjörnsdóttir**
**Sigurbjörn Ingólfsson**



Ástkær bróðir okkar,
**Þráinn Hleinar Kristjánsson**
frá Neskoti, Fljótum,
lést á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð,
Reykhólum, 17. apríl síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Barðskirkju, Fljótum,
Skagafirði, miðvikudaginn 2. maí kl. 14.

**Stefanía Kristjánsdóttir**
**Björk Kristjánsdóttir**
**Sigurlaug Jakobsdóttir**
**Lára Kristjánsdóttir**



Ástkær bróðir minn,
**Sigurður Árnason**
verslunarmaður,
lést mánudaginn 16. apríl á dvalar- og
hjúkrunarheimilinu Grund. Hann
verður jarðsunginn frá Fossvogs-
kapellu föstudaginn 27. apríl kl. 15.00.

**Árni Jón Árnason**



**Bæjarstæðið á Húsavík er gífurlega fallegt og hentar vel fyrir Heilandi daga sem hefjast á laugardag.** MYND/AUÐUNN

# Heilandi dagar á Húsavík fyrir áhugafólk um jóga

Um helgina eru haldnir Heilandi dagar á Húsavík í fyrsta sinn. Huld Hafliðadóttir er ein af þeim sem standa fyrir dögunum. Hún segir jógaáhuga á Norðurlandi vera töluverðan. Hver sem er, vanur eða óvanur, getur fundið eitthvað í jóga til að tengja við, segir hún.

„Í jóga mætum við okkur sjálfum þar sem við erum. Ég myndi segja að hver sem er, vanur eða óvanur, geti fundið eitthvað í jóga og tengt við, stundum tölum við líka um að við leyfum jóga að þjóna okkur," segir jógakennarinn Huld Hafliðadóttir en hún og æskuvinkona hennar, Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, standa fyrir Heilandi dögum á Húsavík, sem fram fara um helgina í fyrsta sinn.

Dagskráin er fjölbreytt en dagarnir hefjast á laugardag þegar svokölluð Súkkulaði- og möntrustund, með Tinnu Sverrisdóttur og Láru Rúnarsdóttur frá Andagift, fer fram. Síðan rekur hver viðburðurinn annan en þeir fara fram í Safnahúsinu á Húsavík.

Huld, sem sjálf er menntaður kundalini jógakennari, segir að hugmyndin hafi fæðst í spjalli þeirra vinkvenna og þróast hægt og bítandi. „Við fórum að hugsa hvort við gætum laðað nokkra kennara norður, en upphaflega átti þetta aðallega að vera fyrir okkur þar sem við gætum hist og styrkt okkar sambönd.



**En okkur fannst kjörið að leyfa fleirum að njóta og vera með og kynnast þannig mismunandi jóga og heilandi leiðum til að tengja inn á við og finna slökun.**

Huld Hafliðadóttir jógakennari

En okkur fannst kjörið að leyfa fleirum að njóta og vera með og kynnast þannig mismunandi jóga og heilandi leiðum til að tengja inn á við og finna slökun, nú og auðvitað kynnast hinu nývinsæla og hreina súkkulaði úr frumskógum Gvatemala. Alls erum við sjö sem stöndum að þessu og skráning hefur gengið vonum framar."

Huld var lengi vel eini jógakennarinn á Húsavík en nú hefur önnur bæst við, sem býður upp á hatha jóga. Hún segir jógaáhugann vera töluverðan fyrir norðan og fólk úr nærsveitum og af Eyjafjarðarsvæðinu sé þegar farið að skrá sig. „Við höfum fengið ótrúlega góðar viðtökur frá því þetta var tilkynnt. Skráning hefur farið mun betur af stað en við bjuggumst við.

Flestir koma frá Húsavík og úr nærsveitunum, en að sjálfsögðu eru allir velkomnir. Í framtíðinni, ef þetta verður árlegt, munum við kannski auglýsa okkur eða markaðssetja fyrir stærra svæði," segir hún. **benediktboas@365.is**

ÞETTA GERÐIST: 27 APRÍL 1994

## Richard Nixon jarðsunginn

Richard Nixon fæddist árið 1913 og var 37. forseti Bandaríkjanna. Hann sat á forsetastóli frá árinu 1969 til 1974, en sagði af sér embætti eftir Watergatehneykslið svokallaða.

Nixon hlaut strangt uppeldi þar sem foreldrarnir voru kvekarar. Fjölskyldan var ekki efnuð og gekk Nixon í kvekaraskóla í heimabyggð sinni. Hann var ötull í félagslífi skólans auk þess sem hann kenndi í sunnudagaskóla. Nixon kynntist konu sinni, Thelmu Pat Ryan, árið 1940 og bað hennar strax á fyrsta stefnumóti. Þau eignuðust tvær dætur.

Ferill Nixons í forsetaembætti var umdeildur, en hann er eini forsetinn í sögu Bandaríkjanna sem hefur sagt af sér embætti. Hann lést 22. apríl 1994 og var lagður til hinstu hvílu fimm dögum síðar, við hlið konu sinnar, við bókasafn Richards Nixon í borginni Yorba Linda í Kaliforníu.



**Richard Nixon var 37. forseti Bandaríkjanna.**


Fréttamenn sem standa undir nafni
Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Gunnþóra Gunnarsdóttir, menningar-blaðamaður, sem hefur starfað á blaðinu frá því skömmu eftir stofnun
Gunnþóra Gunnarsdóttir
Gunnþóra Gunnarsdóttir
fréttamaður
FRÉTTABLADID
Israelsmenn sakaðir um sprengjuárásina í nótt
Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is
FRETTABLADID.IS
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ
Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Breytileg átt, 5-13 í dag, en lengst af hægari austan til. Skúrir eða slydduél, en yfirleitt þurrt norðaustan- og austanlands. Hiti 0 til 8 stig, mildast syðst.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -1° | 1° |
| ↘ 6 | ↙ 3 | ↓ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 6° | -1° |
| ↑ 4 | ↖ 1 | ↓ 4 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 4° |
| ↑ 14 | ↑ 17 | ↑ 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 5° | -1° |
| ↑ 6 | ↗ 7 | ↑ 17 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. þíða
5. umrót
6. titill
8. krota
10. hljóm
11. tækifæri
12. fita
13. ógætinn
15. kroppur
17. mælieining

**LÓÐRÉTT**
1. vínandi
2. mót
3. klaka
4. afhending
7. gunga
9. slæpist
12. stela
14. bót
16. skóli

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** afísa, **5.** los, **6.** fr, **8.** krassa, **10.** óm, **11.** lag, **12.** tólg, **13.** óvar, **15.** líkami, **17.** karat.
**LÓÐRÉTT: 1.** alkóhól, **2.** form, **3.** ísa, **4.** afsal, **7.** raggeit, **9.** slórar, **12.** taka, **14.** vík, **16.** ma.

## Skák Gunnar Björnsson

Caruana (2.804) átti leik gegn Akobian (2.647) á bandaríska meistaramótinu í skák.

**Hvítur á leik**

**28. Hf7+! Rxf7 29. Bf4+! Kb7 30. Dxf7+ 1-0.** Svartur er óverjandi mát í þremur leikjum. Caruana og Shankland eru efstir þegar fjórum umferðum er ólokið. Sigurbjörn Björnsson og Þorvarður F. Ólafsson eru efstir á Öðlingamóti TR.

**www.skak.is:** NM stúlkna hefst í kvöld.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 4 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 | 1 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 1 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Útilokar ekki að snúa aftur í pólitík**
Gísla Marteini Baldurssyni þykir vænna um Reykjavík en Sjálfstæðisflokkinn. Hann segir meirihlutann sýna linkind í umhverfismálum.





**Alinn upp í heimi tákna**
Deilur við bókstafstrúarmenn og ásakanir um stuld eru fylgifiskar frægðar rithöfundarins Dan Brown.

**Enginn ósigur að vera lifandi**
Ed Viesturs er eini Bandaríkjamaðurinn sem klifið hefur án aukasúrefnis alla fjórtán tinda sem eru yfir átta þúsund metrar á hæð.



**Gyðjur og gyðjutrú á Íslandi**
Valgerður Bjarnadóttir um femínískt trúarlíf.

Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# BOSS BACON

**HANN ER VOLDUGUR.**
**HANN ER STÓRFENGLEGUR.**
**HANN ER BETRI EN ÞIG MINNTI.**
**BOSS BACON HEFUR SNÚIÐ AFTUR.**

1.199 kr.




box BOSS-BORGARI, 3 HOT WINGS, FRANSKAR, GOS OG PIPAREGG

1.899 kr.

KFC®

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**2.998** kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye

**ENGIN KOLVETNI**
80 mg koffein




**69** kr. 250 ml

**ES Orkudrykkur**
Sykurlaus, 250 ml




**98** kr. 500 ml

**Coca Cola Zero Koffein**
Koffeinlaust, 500 ml

**500g**



**498** kr. 500 g

**Jarðarber Box**
500 g, Spánn

**770g**




**259** kr. 770 g

**Bónus**
**Heilkornabrauð**
770 g

**ALLTAF**
**NÝBAKAÐ**



**259** kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

**6 BRAUÐ**
í pakka




**198** kr. 6 stk.

**Polarbrauð**
250 g, 6 stk. í pakka

Verð gildir til og með 29. apríl eða meðan birgðir endast.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**459** kr. 2x100 g

**498** kr. 2x120 g

**598** kr. 2x140 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x100 g, 2x120 g eða 2x140 g

**ÍSLENSKT** Grísakjöt




**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Kryddaðar




**1.398** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasirloinsneiðar**
Kryddaðar




**2.298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambamiðlærisneiðar**
Kryddaðar, 1. flokkur

**NÝTT Í BÓNUS**

**119** kr pr. kg




**898** kr. 7,5 kg

**Bökunarkartöflur**
Bretland, 7,5 poki

**GRILLSAGAÐUR** Frampartur



**798** kr. kg

**SS Lambaframpartur**
Grillsagaður, frosinn



**1.498** kr. kg

**KS Lambalærisneiðar**
Frosnar

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00



Nína er nýflutt heim eftir fjögurra ára búsetu í Bretlandi. Í gjótu er fyrsta steinþrykkssýning hennar hér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Þetta er sama vindhöggið,“ segir Nína um þessa seríu sem heitir Kjúklingur.

# Andlitin í hrauninu og fléttunar í hárinu

**Náttúruvættir og kvenlegir kraftar eru meðal þema á sýningunni Í gjótu; steinþrykk 2015-2017 sem Nína Óskarsdóttir myndlistarkona opnaði í gær í galleríinu Ekkisens, í kjallaranum á Bergstaðastræti 25b.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Stærsti parturinn er unninn út frá hugmyndum um það sem leynist í náttúrunni, sérstaklega íslenskri náttúru. Eitthvað sem býr í hrauninu, klettunum og gjótunum, passar upp á okkur og kannski hrekkir okkur líka,“ segir Nína Óskarsdóttir myndlistarkona um steinþrykksverkin sem hún er að opna sýningu á.

Við stöndum inni í hinu óviðjafnanlega galleríi Ekkisens sem er í kjallara bakhúss við Bergstaðastræti. Gólfið er svo hreint að það er nánast guðlast að fara ekki úr skónum. „Við vorum að mála það í gærkveldi,“ útskýrir myndlistarkonan en segir alveg óhætt að ganga á því með skó á fótum.

**RÓMANTÍSK HUGMYND UM KONURNAR MEÐ SÍÐU FLÉTTURNAR OG ÞANN KVENLEGA KRAFT SEM ÞÆR BJUGGU YFIR. SVOLÍTIÐ FORN SÝN Á ÞAÐ HVERNIG ALLT VAR ÞEGAR FÓLK VAR Í MEIRI SNERTINGU VIÐ NÁTTÚRUNA EN NÚ.**

Það eru samt listaverkin á veggjunum sem athyglin beinist að. Sum þeirra tengjast þjóðtrú Íslendinga enda kveðst Nína vilja sýna náttúrunni og vættum hennar virðingu. Önnur eru gerð til heiðurs konum og vinnuframlagi þeirra, ekki síst á ökrunum og á heimilunum, að sögn Nínu. Þar eru fléttur í hári áberandi, stundum abstrakt og stundum fígúratívar. „Rómantísk hugmynd um konurnar með síðu flétturnar og þann kvenlega kraft sem þær bjuggu yfir. Svolítið forn sýn á það hvernig allt var þegar fólk var í meiri snertingu við náttúruna en nú. Það er einhver orka sem kemur þaðan. Þú sérð það í mörgum myndum mínum,“ útskýrir listakonan sem gerir ýmsar tilraunir bæði með tækni og myndefni.

Nína útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2014 og hélt þá til Bretlands að læra steinþrykksfræði hjá Leicester Print Workshop. Segir þar um sambland af eðlis- og efnafræði að ræða og kemur með örstutta útgáfu af aðferðinni. „Stórir kalksteinar eru slípaðir niður, teiknuð á þá mynd, þeir síðan ættir og myndin svo prentuð á pappír í þar til gerði pressu.“

Nína er nýflutt heim frá Bretlandi og verkin á sýningunni voru öll unnin þar. Hún kveðst ekki hafa tekið með sér kalkstein frá útlöndum heldur hafa aðstöðu hér í Íslenskri grafík til að iðka þessa list. „Svona steinar eru líka í Listaháskólanum og á nokkrum verkstæðum í einkaeigu. Þeir eru endurnýttir aftur og aftur.“

# Flautað út í eitt í Norræna húsinu

**TÓNLIST**

★★★☆☆

**Kammertónleikar**

**Íslenski flautukórinn og gestir fluttu verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson.**

**Norræna húsið**

sunnudaginn 22. apríl



Íslenski flautukórinn heiðraði minningu Þorkels Sigurbjörnssonar tónskálds.

Þorkell Sigurbjörnsson hefði orðið áttræður á árinu, en hann lést fyrir fimm árum. Hann var eitt fremsta tónskáld þjóðarinnar og gat samið allt mögulegt, tónlist fyrir leikhús, og kirkjur – alls konar tækifæri. Sálmarnir hans eru margir ódauðleg snilld.

Eitt megineinkenni Þorkels sem tónskálds var húmor. Sumar tónsmíðarnar hans voru tækifærisverk. Þær byggðust oft á bröndurum. Yfirleitt var það einkahúmor sem tengdist viðkomandi flytjendum og þeim aðstæðum sem urðu til þess að verkið var pantað.

Gallinn við brandara er að þeir hætta fljótt að vera fyndnir. Sum verkanna sem voru flutt á tónleikum Flautukórsins í Norræna húsinu á sunnudaginn í 15:15 röðinni voru þessu marki brennd. Þau hafa ekki elst sérlega vel. Tónleikarnir voru auk þess ansi langir fyrir einhæfan tónlistarflutning; að heyra nánast ekkert annað en þverflautuleik í heila tvo tíma er fullmikið af því góða.

Alls voru nítján atriði á efnisskránni. Níu þeirra voru reyndar örstuttar skissur, kaflar úr sama verkinu, Níu (samhverfum) rissum fyrir altflautu. Kaflarnir voru leiknir af jafnmörgum flautuleikurum, einum í einu. Verkið sem heild náði aldrei flugi, því köflum þess var dreift um efnisskrána, stærri tónsmíðar frá mismunandi tímabilum voru spilaðar inn á milli. Þetta skemmdi heildarmyndina; það var vaðið úr einu í annað – bókstaflega.

Stærri verkin voru misgóð. Kalais í flutningi Berglindar Maríu Tómasdóttur olli vonbrigðum. Það var samt ágætlega leikið en þarfnaðist meiri endurómunar. Í síðasta hluta tónsmíðarinnar sveiflar aðstoðarmaður um metralangri gúmmíslöngu í hringi og kallar þannig fram vindhljóð. Þessi hljóð eiga í rauninni að renna saman við flautuleikinn, þó ekki sé beinlínis leikið á flautuna á sama tíma. Þurr hljómurinn í Norræna húsinu eyðilagði þann galdur.

Bestu verkin voru m.a. hin hugvitsamlegu Sex þjóðlög fyrir flautu, selló og fiðlu. Berglind Stefánsdóttir spilaði á flautu, Auður Hafsteinsdóttir á fiðlu og Sigurgeir Agnarsson á selló. Þremenningarnir voru með allt á hreinu, auk þess sem raddir annarra hljóðfæra en flautunnar sköpuðu kærkomna tilbreytingu.

Oslóarræll var líka skemmtilegur. Berglind María Tómasdóttir flutti hann af gífurlegum krafti og skellti fæti í gólf í lokin, sem vakti kátínu tónleikagesta. Ra's Dozen fyrir tólf flautuleikara var sömuleiðis magnað, þetta er margbrotin, fjölradda tónlist, sveimkennd og einkar dáleiðandi.

Frammistaðan á tónleikunum sem slík var góð; fjölmargir flautuleikarar voru flottir í hlutverkum sínum, en of langt mál væri að telja þá alla upp. Efnisskrána hefði hins vegar mátt hugsa betur, auk þess sem hljómburðurinn í Norræna húsinu fór tónlistinni ekki nægilega vel. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Finn flutningur, en efnisskráin var einhæf og vanhugsuð.



# STARFSEMI Á ÁRINU **2017**

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins **LSR**
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga **LH**

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2017

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | LH | LSR og LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 27.829 | 2.132 | 968 | 30.929 | 207 | 31.135 |
| Lífeyrishækkanir | 0 | 16.702 | 0 | 16.702 | 1.819 | 18.522 |
| Uppgreiðslur og innb. v/skuldbindinga | 0 | 25.318 | 0 | 25.318 | 119 | 25.437 |
| Lífeyrir | (6.115) | (42.193) | (418) | (48.727) | (4.272) | (52.999) |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 36.196 | 18.251 | 961 | 55.408 | 2.375 | 57.783 |
| Rekstrarkostnaður | (502) | (459) | (9) | (971) | (79) | (1.050) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 57.407 | 19.750 | 1.502 | 78.659 | 170 | 78.829 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 497.723 | 208.695 | 13.996 | 720.414 | 26.444 | 746.858 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | 555.130 | 228.445 | 15.498 | 799.073 | 26.614 | 825.687 |

Fjárhæðir í milljónum króna.

## Efnahagsreikningur 31.12.2017

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | LH | LSR og LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 187.148 | 103.381 | 7.627 | 298.156 | 12.539 | 310.695 |
| Skuldabréf | 334.143 | 111.353 | 577 | 446.072 | 12.143 | 458.215 |
| Bundnar bankainnistæður | 0 | 0 | 6.823 | 6.823 | 0 | 6.823 |
| Aðrar fjárfestingar | 110 | 58 | 0 | 168 | 0 | 168 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 444 | 14 | 0 | 457 | 3 | 460 |
| Bankainnistæður | 28.740 | 14.607 | 471 | 43.818 | 2.150 | 45.968 |
| Kröfur | 4.838 | 1.122 | 30 | 5.989 | 5 | 5.994 |
| Skuldir | (292) | (2.090) | (29) | (2.410) | (225) | (2.636) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | 555.130 | 228.445 | 15.498 | 799.073 | 26.614 | 825.687 |
| Eignir utan efnahagsreiknings | | | | | | |
| Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana | | 398.728 | | 398.728 | 57.739 | 456.467 |

Fjárhæðir í milljónum króna.

## Kennitölur 2017

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign Leið I | Séreign Leið II | Séreign Leið III | LSR samtals | LH |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 7,1% | 8,7% | 9,2% | 8,2% | 3,9% | 7,6% | 9,4% |
| Hrein raunávöxtun | 5,2% | 6,6% | 7,3% | 6,3% | 2,1% | 5,6% | 7,2% |
| 5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar | 5,7% | 5,6% | 4,7% | 4,3% | 2,1% | 5,6% | 5,5% |
| Verðbréfaeign í íslenskum krónum | 77,6% | 63,7% | 54,9% | 71,3% | 100,0% | 73,4% | 60,7% |
| Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum | 22,4% | 36,3% | 45,1% | 28,7% | 0,0% | 26,6% | 39,3% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 25.402 | 2.329 | 998 | 574 | 1.506 | 30.809 | 220 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 6.125 | 14.844 | 39 | 22 | 112 | 21.142 | 1.124 |
| Skrifst.- og stjórnarkostn. í hlutf. af eignum | 0,10% | 0,21% | 0,07% | 0,07% | 0,06% | 0,13% | 0,30% |

# Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn miðvikudaginn 23. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris




## Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2017

| | A-deild LSR |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 101.109 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | 23,0% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | (20.085) |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -2,3% |

Fjárhæðir í milljónum króna.

## Stjórn **LSR**

Gunnar Björnsson, formaður
Unnur Pétursdóttir, varaformaður
Árni Stefán Jónsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Viðar Helgason
Þórður Á. Hjaltested
Þórveig Þormóðsdóttir

## Stjórn **LH**

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður
Guðjón Hauksson, varaformaður
Oddur Gunnarsson
Ragnheiður Gunnarsdóttir

**Framkvæmdastjóri LSR og LH**
Haukur Hafsteinsson

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100 • www.lsr.is

**KATLA FUND**
Société d'Investissement à Capital Variable
9, boulevard Prince HENRI - L-1724 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002 - (the "SICAV")

**NOTICE TO SHAREHOLDERS**

Shareholders are informed that the board of directors has decided on 20 September 2017 the withdrawal of the following sub-fund from the Luxembourg Stock Exchange with effective date as of 28 May 2018.

Hereafter the concerned ISIN codes:

KATLA FUND – GLOBAL VALUE A CAP LU0144717666

Shareholders who do not agree with the decision on the withdrawal of the SICAV from the Luxembourg Stock Exchange may request the redemption of their shares free of any redemption charge within 30 days from the publication date of this notice.

The updated prospectus is available at the registered office of the SICAV and on www.conventum.lu.

Luxembourg, 27 April 2018 The Board of Directors
























Prins Póló heldur útgáfutónleika fyrr splunkunýja plötu í Iðnó í kvöld.

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

Hvar@frettabladid.is

## 27. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** COWs #6 // Carolyn Chen & fleiri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tónleikaröðin COWs samanstendur af þrennum tónleikum sem fara fram á vormisseri 2018 í Mengi. Á tónleikunum er flutt tilraunakennd tónlist af ýmsum toga eftir tónskáld hvaðanæva. Á þriðju og síðustu tónleikum annarinnar er bandaríska tónskáldið Carolyn Chen í forgrunni en einnig hljóma verk eftir Birgit Djupedal og Einar Torfa Einarsson. Flytjendur á tónleikunum í kvöld eru Birgit Djupedal, Berglind María Tómasdóttir, Carolyn Chen, Einar Torfi Einarsson, Örvar Erling Árnason, María Sól Ingólfsdóttir, Valentin Valle Domring, Sigurður Einarsson og Elísabet Indra Ragnarsdóttir.

**Hvað?** Hausar Weekend Drum & Bass
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Hausar rúlla aftur um helgar! Eftir nokkur vel sótt fastakvöld er komið að því að dansa aftur um helgar á efri hæð Paloma. Fastasnúðar Hausa sjá um að halda gestum Paloma uppfærðum um það nýjasta í Drum & Bass en einnig má búast við að heyra nokkur lög af gamla skólanum. Funktion-One hljóðkerfi og algjör óþarfi að spara sig því kvöldið er á föstudegi.

**Hvað?** Vortónleikar Kórs Félags eldri borgara í Reykjavík og Karlakórsins kátra karla
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Grensáskirkja
Kórarnir eru báðir undir stjórn Gylfa Gunnarssonar. Undirleikari er Jónas Þórir, einsöngvarar Þorgeir Andrésson og Svanhildur Sveinbjörnsdóttir og saxófónleikari Reynir Þ. Þórisson. Kórarnir eru meðal þeirra kóra á landinu þar sem meðalaldur er hvað hæstur ef ekki hæstur. Meðalaldur í kórunum er um 77 ár og í KKK er elsti söngmaðurinn 94 ára. Flestir kórfélagar hafa áratuga reynslu í kórstarfi og margir syngja í fleiri kórum. Kórfélögum finnst söngurinn og félagsskapurinn halda þeim síungum.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Prins Póló
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Iðnó
Prins Póló tekur bæði angurvær lög á gítarinn og kveikir svo á diskóljósunum og keyrir partíið í gang.

**Hvað?** DJ Dominatricks
**Hvenær?** 23.30
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Dark dancehall, ghettotech kynsvall og glerhart teknó. Frítt inn.

**Hvað?** Valdimar í Bæjarbíói – hjarta Hafnarfjarðar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Hin frábæra hljómsveit Valdimar heldur tónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði í kvöld.

### Viðburðir

**Hvað?** Vefgátt fyrir nýjan, íslenskan talgreini opnuð í HR
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Háskólinn í Reykjavík, Almannarómur – félag um máltækni og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum bjóða til opins hádegisfundar um máltækni og talgreiningu í dag, föstudaginn 27. apríl, kl. 12 í Háskólanum í Reykjavík. Þar mun Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra m.a. opna vefgátt fyrir nýjan íslenskan talgreini.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir mun meðal annars opna vefgátt fyrir nýjan íslenskan talgreini í HR í dag.

**Hvað?** Föstudagspartísýning: Se7en
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Myndin fjallar um tvo lögreglumenn í morðdeild sem eru að elta raðmorðingja sem réttlætir morð sín þannig að þau séu aflausn fyrir heiminn sem hefur ekki gefið hinum sjö dauðasyndum nægan gaum, og leyft þeim að grassera í samfélaginu. Rannsóknin leiðir þá félaga frá einu misþyrmdu líki til þess næsta, þar sem morðinginn skipuleggur hvert morð sem tákn fyrir hverja af dauðasyndunum sjö.

**Hvað?** Fögnum með Evu Björgu!
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Penninn Eymundsson, Austurstræti
Eva Björg Ægisdóttir hlaut spennusagnaverðlaunin Svartfuglinn fyrir sögu sína Marrið í stiganum sem nú er komin út hjá Veröld. Það er því margfalt tilefni til að halda útgáfufagnað og mun hann fara fram í Eymundsson.

### Sýningar

**Hvað?** Mother
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Rýmd, Völvufelli
Þrír kettlingar halda samsýningu í Galleríi Rýmd í dag.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| You Were Never Really Here | 18:00, 22:00 |
| Doktor Proktor & Prumpuduftið | 18:00 |
| Doktor Proktor & Tímabaðkarið | 18:00 |
| Se7en | 20:00 |
| Cicha Noc ENG SUB | 20:00 |
| Loving Vincent | 20:00 |
| The Workshop | 22:45 |
| A Gentle Creature | 22:00 |





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Svartalogn
Nýtt leikverk byggt á skáldsögu Kristínar Marju Baldursdóttur
„falleg og áhrifamikil saga um konur sem þurfa að standa saman til þess að ná fram breytingum í lífi sínu“
Víðsjá, RÚV, GB
„Kristín Marja Baldursdóttir er ein af okkar virtustu og vinsælustu höfundum“
Fbl., BB
„sannfærandi samtímasaga“
Mbl., IG
Frumsýning í kvöld
Miðasala á www.leikhusid.is
Leikarar
Elva Ósk Ólafsdóttir | Edda Arnljótsdóttir | Ragnheiður Steindórsdóttir | Snæfríður Ingvarsdóttir
Esther Talía Casey | Hallgrímur Ólafsson | Pálmi Á. Gestsson | Baldur Trausti Hreinsson
Birgitta Birgisdóttir | Snorri Engilbertsson
Leikstjórn Hilmir Snær Guðnason Leikgerð Melkorka Tekla Ólafsdóttir Höfundur skáldsögu Kristín Marja Baldursdóttir
Leikmynd Gretar Reynisson Búningar María Th. Ólafsdóttir Tónlist Markéta Irglová og Sturla Mio Þórisson
Lýsing Halldór Örn Óskarsson Hljóðmynd Elvar Geir Sævarsson, Aron Þór Arnarsson
Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




**SATT EÐA LOGIÐ**
KL. 20:50
Frábær sería af lygilega skemmtilegum fjölskylduþáttum sem hinn eini sanni Benedikt Valsson eða Benni stýrir af mikilli röggsemi og fær til sín góða gesti. Þetta er þátturinn sem sannar að sannleikurinn getur verið afstæður.

Frábær
**Föstudagur**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**AMERICAN IDOL**
KL. 19:25
Bráðskemmtileg sería af American Idol með frábærum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.






**THE DEPARTED**
KL. 21:35
Kröftug og óvægin spennumynd Martins Scorsese þar sem hann tekur fyrir ólgandi átök og spillingu innan glæpamafíunnar í Boston og lögreglunnar en skilin þar á milli eru gjarnan ansi óljós.

**HIDDEN FIGURES**
KL. 22:00
Hér er sögð sönn saga þriggja kvenna sem störfuðu hjá geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.



**AMERICAN DAD**
KL. 20:05
Skemmtileg teiknimyndasería um Stan sem er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.



Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**




## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Drop Dead Diva
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** The New Girl
**10.45** Restaurant Startup
**11.35** Svörum saman
**12.10** Feðgar á ferð
**12.35** Nágrannar
**13.00** Mið-Ísland
**13.30** Joy
**15.30** Keanu
**17.10** Curb Your Enthusiasm
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** American Idol
Sextánda syrpa þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu.
**20.50** Satt eða logið
**21.30** Hinir föllnu
**00.00** X-Men; Apocalypse
Meiriháttar spennumynd með úrvalsliði leikara á borð við James McAvoy, Jennifer Lawrence, Sophie Turner (Sansa Stark úr Game of Thrones) og Michael Fassbender. Allt frá upphafi menningarinnar var hann tilbeðinn sem guð. Apocalypse, sá fyrsti og kraftmesti stökkbreytti, dró í sig mátt margra annarra stökkbreyttra, og varð ódauðlegur og ósigrandi. Nú vaknar hann upp eftir þúsund ára dvala, og verður fyrir miklum vonbrigðum með heiminn eins og hann er, og safnar saman kraftmiklum stökkbreyttum til að hreinsa mannkynið og skapa nýja heimsmynd, sem hann mun stjórna. Örlög Jarðarinnar eru í hættu, og Raven þarf, með hjálp Prófessors X, að leiða hóp ungra X-manna, til að stöðva þennan volduga óvin og bjarga mannkyni frá gereyðingu
**02.20** The Dark Horse
**04.20** Joy

## STÖÐ 2 SPORT

**08.40** Marseille - Red Bull
**10.20** Fram - Valur
**11.50** Seinni bylgjan
**12.20** Liverpool - Roma
**14.00** Meistaradeildarmörkin
**14.30** Arsenal - Atlético Madrid
**16.15** Marseille - Red Bull
**18.00** PL Match Pack
**18.30** Evrópudeildarmörkin
**19.20** Pepsi-deild karla
**21.30** Premier League Preview
**22.00** La Liga Report
**22.30** Bundesliga Weekly
**23.00** Valur - Haukar

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.50** Manchester City - Swansea
**08.30** WBA - Liverpool
**10.10** Messan
**11.40** Celta Vigo - Barcelona
**13.20** Real Madrid - Athletic Bilbao
**15.00** Meistarakeppni KSÍ
**16.50** Messan
**18.20** La Liga Report
**18.50** Valur - Haukar
**20.30** Domino's-körfuboltakvöld
**21.00** PL Match Pack
**21.30** Pepsi-deild karla
**23.10** Lengjubikarinn

## STÖÐ 3

**19.10** Baby Daddy
**19.35** Anger Management
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.40** The Simpsons
**22.05** American Dad
**22.30** Bob's Burger
**22.55** Schitt's Creek
**23.20** NCIS: New Orleans
**00.30** Anger Management
**00.55** Seinfeld
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Tindur
**10.27** Zigby
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Tindur
**14.27** Zigby
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Tindur
**18.27** Zigby
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Tröll



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.25

## GOLFSTÖÐIN

**07.10** Zürich Classic of New Orleans
**11.10** Golfing World
**12.00** Mediheal Championship
**14.30** Zürich Classic of New Orleans
**18.30** Zürich Classic of New Orleans
**22.30** Mediheal Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** Girl Asleep
**13.35** Step Brothers
**15.10** Patch Adams
**17.05** Girl Asleep
**18.25** Step Brothers
Frábær gamanmynd með Will Ferrell og John C. Reilly í hlutverkum óborganlegra stjúpbræðra. Þeir búa með einstæðum foreldrum sínum en þegar foreldrarnir fella hugi saman og gifta sig neyðast drengirnir til að búa saman. Jupp Apatow sem meðal annar gerði Knocked Up, Pineapple Express og Superbad, framleiðir þessa drepfyndnu mynd.
**20.05** Patch Adams
**22.00** Hidden Figures
**00.05** Logan
Hörkuspennandi mynd frá 2017 og jafnframt sú nýjasta í X-Men bálknum með þeim Hugh Jackman, Patrick Stewart og Dafne Keen. Þeir Logan og Charles Xavier, einnig þekktir sem Wolverine og Prófessor X, hafa dregið sig í hlé frá skarkala umheimsins og lifa nú rólegu lífi einhvers staðar við mexíkósku landamærin þar sem þeir reyna að láta lítið á sér bera. En þá birtist hin unga Laura Kinney, öðru nafni X-23, og þar með er friðurinn úti.
**02.20** Joe

## RÚV

**14.30** Fólkið mitt og fleiri dýr
**15.15** Úti
**15.45** Ég vil fá konuna aftur
**16.15** Alla leið
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.07** Rán og Sævar
**18.18** Söguhúsið
**18.25** Fótboltasnillingar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Draumurinn um HM
**20.10** Útsvar
**21.30** Vikan með Gísla Marteini
**22.20** Borgarsýn Frímanns
**22.40** Banks lögreglufulltrúi - Mannrán
**00.10** A Most Wanted Man
**02.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** The Mick
**14.00** Man With a Plan
**14.20** Kokkaflakk
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Voice USA
**21.00** Captain America: Civil War
**23.30** I Give It a Year
**03.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

markhönnun ehf

# netto

# GRILL OG GOTTERÍ



**LAMBASMÁLEGGIR FERSKIR**
5 LEGGIR Í PAKKA
**899 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.798 KR/KG~~
**-50%**



**-50%**
**LÚXUSGRILLPAKKI**
Í MARINERINGU
**1.249 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~




**GRÍSARIF BBQ**
**778 KR/KG**
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~
**-22%**



**LAMBA SIRLOINSNEIÐAR**
Í RASPI
**1.499 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~
**-40%**




**LAMBALÆRI**
GRILL KRYDDAÐ
**1.329 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~
**-30%**




**-30%**
**KJÚKLINGABRINGUR**
MARINERAÐAR
**1.889 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~



**NAUTA PIPARSTEIK**
FERSKT
**2.999 KR/KG**
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**-25%**

**-50%**



**JARÐARBER**
250 GR
**245 KR/PK**
ÁÐUR: ~~489 KR/PK~~



OpalSeafood

**FERSK LAXAFLÖK**
BEINHREINSUÐ, M/ROÐI
**1.539 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.198 KR/KG~~
**-30%**

*Fljótlegt & þægilegt!*
Katla




**HRISTA & BAKA**
**PÖNNSUR**
220 G
**239 KR/PK**
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**-20%**




**HRISTA & BAKA**
**VÖFFLUMIX**
330 G
**326 KR/PK**
ÁÐUR: ~~408 KR/PK~~
**-20%**

**Tilboðin gilda 26. - 29. apríl 2018 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

netto
Á NETINU
**www.netto.is**

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Nokkrir samfélagsmiðla bræðingar

Íslandsvinurinn Kanye West er búinn að fara mikinn á Twitter síðan hann skráði sig aftur inn á miðilinn eftir nokkurt hlé. Sumir vilja meina að um svokallaðan „meltdown“ eða bræðing sé að ræða. Hér koma nokkrir góðir bræðingar.



## DAN HARMON GENGUR AF GÖFLUNUM

Handritshöfundurinn og leikarinn, sem bæði skrifar og leikur í Rick and Morty, deildi pælingum sínum um rapptónlist á Twitter, af einhverjum ástæðum. Einhverjum notanda vefsíðunnar fannst hugmyndir hans ekkert sérstaklega góðar og lét hann vita af því, á ekkert sérlega móðgandi hátt. Úr varð að Dan Harmon eyddi kvöldinu í að gera lítið úr téðri manneskju – meðal annars með því að segja að hún væri að eyða tíma guðs með tilvist sinni og að eina ástæðan fyrir að móðir hennar skammast sín ekki fyrir að vera til sé vegna þess hversu heimsk hún sé.



## JASON BIGGS FER YFIR STRIKIÐ

Stórleikarinn Jason Biggs tók góðan bræðing á Twitter yfir Bachelor. Hann ákvað að hann væri grínisti og fór að grilla alla kvenkyns þátttakendur Bachelor og fór heldur betur yfir strikið því að hann ákvað að sleppa því að vera fyndinn. Þetta byrjaði sakleysislega hjá honum en svo er eins og að hann hafi staupað sig svona fjórum sinnum í röð og sett í fimmta gír. Það er í raun ekki hægt að hafa orð hans um þátttakendurna eftir – það sem líklegast stuðaði mest fjallaði um að ein stúlkan ætti líklega níu fatlaða fjölskyldumeðlimi og svo lýsti hann undarlegum kynferðislegum athöfnum hennar og téðra fjölskyldumeðlima. Síðar sjokkeraði Biggs Twitter aftur þegar hann grínaðist með brotlendingu flugvélar Malaysia Airlines um árið og sagði „Vill einhver kaupa Malaysia Airlines flugpunktana mína?“ Hann baðst reyndar afsökunar á því síðar meir.



## HÖDDI MAGG HÆTTIR

**Höddi Magg fór hamförum á Twitter árið 2014 eftir að U-21 landsliðið gerði markalaust jafntefli við Dani. Hann fór hörðum orðum um leikskipulag landsliðsins en liðið lagði rútunni og spilaði öflugan varnarleik á meðan sóknarleikurinn var settur til hliðar. Tíst Hödda hljómaði svo: „Skelfilegur fotboltaleikur. #U21 Hefdi verid gaman sja eitthvad annad en omurlegan varnarleik. #skelfing“ Fylgjendur Hödda voru ekki sammála honum og hann fékk að heyra það – einhver sagði honum að hætta að „grenja“ og einhverjir töldu að hér væri mögulega einhver óprúttinn aðili kominn á reikninginn hans. Í kjölfarið hætti Höddi svo á Twitter – en var síðan mættur aftur stuttu síðar.**



## BRYNJAR NÍELSON Í FACEBOOK-PÁSU

Brynjar Níelsson hefur oft vakið mikil viðbrögð á Facebook. Hann hætti árið 2017 á miðlinum enda fannst honum nóg komið. Það má alveg gefa sér að þingmaðurinn hafi verið farinn að eyða aðeins of miklum tíma á Facebook, enda mikið um umræður á veggnum hans og örugglega háar tölur sem birtast í rauðu hjá Notifications-hnappinum hans. Sem betur fer sneri hann síðar aftur eftir góða pásu, sennilega enn ferskari.

stefanthor@frettabladid.is

# VIÐ FÖGNUM 10 ÁRA AFMÆLI

**FRÁ 26. APRÍL - 9. MAÍ**

# 25-50%

**afsláttur af völdum vörum**

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði

ILVA

*fleiri* FRÁBÆR TILBOÐ Í VERSLUN



**VP GLOBE**
NÚ 186.900
SPARAÐU 63.000

VP GLOBE LOFLJÓS með glærum akrýlskerm og rautt/blátt/króm involsi. Ø40 cm. 249.900 kr. Nú 186.900 kr. Sparaðu 63.000 kr. Lampinn notar perur í orkuflokk. A++-E.

25%



**KINGSTON CITY**
1½ SÆTA + LEGUBEKKUR
NÚ 98.900
SPARAÐU 121.000

55%

KINGSTON CITY SÓFI með fallegu sandlituðu áklæði. L 205 x D 161 x H 87 cm. 219.900 kr. Nú 98.900 kr. Sparaðu 121.000 kr.



**FLUENTE-SÓFI**
NÚ 104.900
SPARAÐU 35.000

25%

FLUENTE-SÓFI. Þriggja sæta. L 197 x D 83 cm. 139.900 kr. Nú 104.900 kr. Sparaðu 35.000 kr



**VIGO + 4 STÓLAR**
NÚ 162.500
SPARAÐU 57.000

25%

VIGO BORÐ. Steypt borð. Ø 120 cm. 99.900 kr. Nú 74.900 kr. Sparaðu 25.000 kr. CAPE TOWN SUMARSTÓLL. Pólýrattan með sessum. 29.900 kr. Nú 21.900 kr. Sparaðu 8.000 kr. Verð á setti 219.500 kr. Nú 162.500 kr. Sparaðu 57.000 kr.



**SAN ANTONIO + 4 STÓLAR**
NÚ 107.500
SPARAÐU 72.000

40%

SAN ANTONIO BORÐ. Steypt borðplata með viðarfótum. Ø120 cm. 79.900 kr. Nú 47.900 kr. Sparaðu 32.000 kr. BOTANIC STÓLL. Hvít eða ljósbrúnn. 24.900 kr. Nú 14.900 kr. Sparaðu 10.000 kr.



**NARVIK HORNSÓFI**
NÚ 174.900
SPARAÐU 60.000

25%

NARVIK HORNSÓFI með dökkgráu áklæði. L 301 x D 200 x D 160 cm. 234.900 kr. Nú 174.900 kr. Sparaðu 60.000 kr.



*Marmari*

*Eikarspónn*

**KYNNINGARTILBOÐ**
ENDLESS SÓFABORÐ
70 X 40 CM
NÚ 14.900
SPARAÐU 5.000

25%

**KYNNINGARTILBOÐ**
ENDLESS SÓFABORÐ
100 X 70 CM
NÚ 36.900
SPARAÐU 13.000

ENDLESS SÓFABORÐ. L 70 x B 40 x H 40 cm. Borðplata með eikarspón. 19.900 kr. Nú 14.900 kr. Sparaðu 5.000 kr. L 100 x B 70 x H 46 cm. Hvít borðplata úr marmara. 49.900 kr. Nú 36.900 kr. Sparaðu 13.000 kr. Fæst í fleiri stærðum og útfærslum.



25%

**LAMBAGÆRA ÍSLENSK**
NÚ 9.900
SPARAÐU 5.000

LAMB GÆRA. Ýmsir litir. B 60 x L 90 cm. 14.900 kr. Nú 9.900 kr. Sparaðu 5.000 kr.

**KAUPTU NÚNA OG BORGAÐU SEINNA**

VEXTIR 0%

SKOÐAÐU VALKOSTINA

Við bjóðum upp á greiðsludreifingar bæði Valitor og Netgíró



**HONEST SÓFABORÐ**
NÚ 29.950
SPARAÐU 29.950

50%

HONEST SÓFABORÐ. Gegnheil olíuborin eikarplata, svartir duftlakkaðir málmfætur. L 80 x B 80 x H 45 cm. 59.900 kr. Nú 29.950 kr. Sparaðu 29.950 kr.



**MAYER STÓLL**
NÚ 7.600
SPARAÐU 6.300

45%

MAYER BORÐSTOFUSTÓLL. Svört seta með grárri sessu. Svartir fætur. 13.900 kr. Nú 7.600 kr. Sparaðu 6.300 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Ein flík – margir möguleikar

Nú er loksins tími til að draga fram leðurjakkann en það er flík sem allir ættu að eiga í sínum fataskáp. Leðurjakkinn er ein klassískasta flík sem til er og er auðvelt að klæðast honum, því hann einfaldlega passar við allt. Margar verslanir selja leðurjakka hér á landi, hvort sem þeir eru úr ekta leðri eða gervileðri. Hér eru þrjár leiðir til að klæðast honum.



Won Hundred, GK Reykjavík 72.995 kr.



Anine Bing, Mathilda 129.990 kr.



Zara 6.996 kr.



Við síðan blómakjól. Leðurjakki og blómakjóll er alltaf góð blanda, og þá sérstaklega þegar við á Íslandi viljum vera sumarleg.

**LEÐURJAKKI VIÐ GALLABUXUR ER KOMBÓ SEM KLIKKAR SEINT.**



**ÞAÐ ER ALLTAF HÆGT AÐ SMELLA SÉR Í LEÐURJAKKA YFIR KJÓLA TIL AÐ GEFA ÞEIM HVERDAGSLEGRA YFIRBRAGÐ. HANN PASSAR VIÐ ALLT.**



Við gallabuxur. Hið fullkomna helgardress er leðurjakki, gallabuxur og strigaskór.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter


HONDA
The Power of Dreams
MEIRI AFKÖST
MEIRI BÚNAÐUR
MEIRI CIVIC
CIVIC
Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir öryggi og tæknilegum yfirburðum. Staðalbúnaður í Civic er radartengdur skriðstillir, árekstrarvari, akgreinaaðstoð og handfrjáls símabúnaður svo dæmi séu tekin. Civic er skemmtilegur að aka, öruggur og áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig og þína! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. Komdu í heimsókn og prófaðu Honda Civic meira af okkar besta til þessa.
Honda Jazz
verð frá kr. 2.540.000
Honda Civic
verð frá kr. 2.990.000
Honda HR-V
verð frá kr. 3.870.000
Honda CR-V
verð frá kr. 4.840.000
Bernhard ehf • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
HONDA

GLAMOUR

ÁSKRIFTAR TILBOÐ




5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect á aðeins

9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.




*takmarkað magn í boði - fyrstir koma, fyrstir fá!






Skálmeldingar eftir lokaæfingu fyrir túrinn til Bretlands. Frá v.: Björgvin, Snæbjörn, Einar, Jón Geir, Helga og Þráinn Árni.

# Breytt mynd Skálmaldar í Bretlandstúr

**Þungarokkararnir í Skálmöld flugu til Bristol í gær í breyttri mynd en hljómsveitin mun spila á fimm tónleikum á næstu fimm dögum í Bretlandi. Í staðinn fyrir Gunna Ben og Baldur Ragnarsson eru mætt systirin Helga og Einar Þór Jóhannsson.**



Skálmöld í öllu sínu veldi en nú vantar tvo í túrinn, þá Gunna Ben og Baldur.

Helga er búin að leysa Gunnar af hólmi tvisvar áður en þetta er fyrsti túr Einars. Við fengum hugmyndina um að fá Einar á miklum neyðarfundi þegar í ljós kom að Baldur og frú ættu von á sér og hann sagði nánast já áður en við spurðum hann,“ segir Snæbjörn Ragnarsson, bassafantur Skálmaldar, en hljómsveitin er nú stödd í Bretlandi þar sem hún mun troða upp á fimm tónleikum á fimm dögum.

Hljómsveitin kom fram á The Fiddlers í Bristol í gær, heldur svo til Manchester í dag og verður í Dublin á morgun. Einar er einn fremsti gítarleikari landsins og getur brugðið sér í hvaða líki sem er á sviðinu. Og nú er komið að því að reima á sig metalskóna. „Ég sagði já strax og ég var spurður. Þurfti nánast ekkert að hugsa mig um. Þetta verður stuð og mig hefur lengi langað til að spila þungarokk aftur enda hljómar það dásamlega í mínum eyrum, það var mín fyrsta ást – mín eina í svo langan tíma,“ segir Einar fullur tilhlökkunar.

„Þegar maður kynntist þessum ofsalegu böndum sem gáfu út nýjar plötur á sínum tíma, Iron Maiden, Judas Priest, Dio, Metallica, át ég þetta allt upp. Á tímabili var ekkert nógu þungt fyrir mig. Mér fannst Slayer meira að segja vera of léttir,“ segir Einar.

Snæbjörn segir að það sé erfitt að fara í þungarokksskó Baldurs, þeir séu ansi stórir. „Ef einhver getur það þá er það Einar. Við ákváðum að athuga hvort hann væri laus eða hvort hann hefði hug á að gera þetta og náðum varla að spyrja áður en hann var búinn að segja já.“

Skálmöld er nýbúin að taka upp plötu en Snæbjörn segir að engin ný lög verði á rokkmatseðlinum í Bretlandi. „Sú plata kemur í september vonandi og við trúlega tísum smá með Sinfóníuhljómsveitinni en þar fyrir utan þá verður ekkert.“

**benediktboas@365.is**

**Á TÍMABILI VAR EKKERT NÓGU ÞUNGT FYRIR MIG. MÉR FANNST SLAYER MEIRA AÐ SEGJA VERA OF LÉTTIR.**

Einar Þór Jóhannsson

## Tónleikar Skálmaldar

**Manchester,**
*Rebellion*
7. apríl

**Dublin,**
*Voodoo Lounge*
8. apríl

**Belfast,**
*Limelight*
29. apríl

**Glasgow,**
*Audio*
30. apríl

**Nottingham,**
*Rescue Room*
1. maí

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

mazda

# ELSKAÐU AÐ KEYRA MAZDA3

## OPTIMUM SPORTPAKKI AÐ VERÐMÆTI 330.000 KR. FYLGIR!

Bose Centerpoint hljómkerfi, 18" álfelgur, Led aðalljós, lyklalaust aðgengi, upphitanlegt stýri, bakkmyndavél og snjallhemlunarkerfi




Mazda3 hefur síðustu ár verið einn vinsælasti bíllinn á Íslandi enda bíll sem hefur sterkan og kröftugan karakter. Mazda3 er sportlegur fólksbíll með spennandi aksturseiginleika, háþróaðan öryggisbúnað, notendavænt upplýsingakerfi, einstaka eldsneytisnýtingu og fyrsta flokks þægindi.

***KOMDU & NÝTTU ÞÉR EINSTAKT TILBOÐ Á SPORTLEGUM MAZDA3***

**VERÐ FRÁ 3.260.000 KR.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


María Bjarnadóttur




## Róbótaréttindi

Nú stefnir allt í að vísindaskáldskapur síðustu áratuga verði raunveruleiki á næstu áratugum. Meginþema í þessari framtíðarsýn er aukin sjálfvirkni tækja sem öðlast nánast mennskan skilning með gervigreind, en verða jafnframt skilvirkari en manneskjur því algrím gera færri mistök en mannsheilinn.

Róbótarnir eru mismunandi í útliti. Sumum svipar til RoboCop, aðrir eru fartölva. Mikill fjölbreytileiki er í róbótatísku, bæði hvað varðar ytra og innra byrði. Þeir eru auðvitað margir komnir til starfa á vinnumarkaði nú þegar, þó þeir séu mislangt á veg komnir í sjálfvirkninni.

Með þessari þróun koma upp fleiri álitaefni en bara hvernig atvinnumarkaðurinn muni þróast. Evrópusambandið vinnur nú að stefnumótun þar sem leitast er við að svara spurningum um hugverkaréttindi róbóta, ábyrgð á skaðaverkum þeirra og hvernig megi tryggja öryggi í notkun þeirra. Hvar sleppir réttindum mannfólksins og hvar hefjast réttindi róbótsins?

Þetta er nátengt álitaefnum um notkun sjálfvirkni í hernaði. Ef það er enginn gikkur, var skotinu þá hleypt af?

Nýlega skrifaði heimspekingurinn Slavoj Zizek grein þar sem hann velti fyrir sér réttarstöðu kynlífsróbóta og þörf mannfólksins til þess að skilgreina hvort og hvernig mannréttinda róbótar eigi að njóta. Hann heldur að siðferði og mannréttindi gætu úrelst samhliða aukinni róbótavæðingu samfélagsins. Þannig feli gervigreind hugsanlega í sér aðra og hærri vitund sem bjóði upp á þróaðri valkosti en „gott“ og „vont“ og það sé ekki á valdi mannfólksins að meta hvort sé betra fyrir þá.

Megi mátturinn vera með okkur öllum.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is




AÐ SOFA ER EITT – AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ
ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR
MEÐ 25% AFSLÆTTI Á TEMPUR-DÖGUM Í BETRA BAKI





TEMPUR® Hybrid
Hönnuð fyrir sneggra viðbragð


TEMPUR® Contour
Hönnuð fyrir meiri stuðning


TEMPUR® Cloud
Hönnuð fyrir meiri mýkt


MicroTech frá Tempur
Fyrir þá sem kjósa Tempur® á betra verði

QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI
Rennilás gerir það afar einfalt er að taka QuickRefresh áklæðið af TEMPUR dýnunni og þvo.



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK